

# LÖGMANNABLAÐIÐ

ÚTGEFIÐ AF LÖGMANNAFÉLAGI ÍSLANDS 2. TBL. 22. ÁRG. 2016



LAGADAGURINN 2016



SKYLDUR LÖGMANNA  
GAGNVART  
SAMFÉLAGINU



## Af vettvangi félagsins

Þyrí Steingrímisdóttir:

Leiðari 4

Anna Lilja Hallgrímisdóttir:

Aðalfundur Lögmannafélags Íslands 6

Anna Lilja Hallgrímisdóttir:

Málþing um skyldur lögmanna gagnvart samfélaginu 8

Reimar Pétursson

Pistill formanns 10

## Lagadagurinn 2016

Haukur Örn Birgisson:

Eitthvað fyrir alla 14

Guðríður Lára Þrastardóttir:

Aðalmálstofa Lagadagsins 2016: Hver á síðasta orðið? 16

Eva Halldórsdóttir:

Málstofa: Persónuvernd á tímum tæknibyltingar 18

Þórhildur Línadal:

Málstofa: Eftirlitshlutverk stjórnvalda 20

Ingvi Snær Einarsson:

Rökstólar: Er breytinga þörf á skaðabótalögum? 24

Jóhanna Bryndís Bjarnadóttir:

Málstofa: EES-samningurinn - Hreyfiafl breytinga? 26

Þyrí Steingrímisdóttir:

Örmálstofur 28

Þyrí Steingrímisdóttir:

Málstofa: Bankahrundómarnir 30

## Á léttum nótum

Af Merði lögmanni 12

Lögmannafélag Íslands  
Álftamýri 9, 108 Reykjavík  
Sími: 568 5620, Fax: 568 7057  
Netfang: [lmfi@lmfi.is](mailto:lmfi@lmfi.is)  
Heimasíða: [www.lmfi.is](http://www.lmfi.is)

RITSTJÓRI OG ÁBYRGÐARMAÐUR:  
Þyrí Steingrímisdóttir hrl.

RITNEFND:  
Eva Halldórsdóttir hdl.  
Guðríður Lára Þrastardóttir hdl.  
Haukur Örn Birgisson hrl.  
Ingvi Snær Einarsson hdl.

BLAÐAMAÐUR:  
Eyrún Ingadóttir

STJÓRN LMFÍ:  
Reimar Pétursson hrl., formaður.  
Berglind Svavarsdóttir hrl.,  
varaformaður.  
Arnar Þór Stefánsson hrl. ritari.  
Þórdís Bjarnadóttir hrl. gjaldkeri.  
Árni Þór Þorbjörnsson hdl.,  
meðstjórnandi.

STARFSMENN LMFÍ:  
Ingimar Ingason, framkvæmdastjóri.  
Anna Lilja Hallgrímisdóttir lögfræðingur.  
Eyrún Ingadóttir, félagsdeild.  
Hjördís J. Hjaltadóttir, ritari.  
Dóra Berglind Torfadóttir, ritari.

FORSÍÐUMYND:  
Málþing LMFÍ um skyldur lögmanna  
gagnvart samfélaginu. Á myndinni  
eru framsögumenn þingsins, þau  
(f.v.) Skúli Magnússon héraðsdómari  
og formaður Dómarafélags Íslands,  
Reimar Pétursson hrl. og formaður  
Lögmannafélags Íslands, hr. Ólafur  
Ragnar Grímsson forseti Íslands,  
Ólöf Nordal innanríkisráðherra og Karl  
Axelsson hæstaréttardómari.  
Ljósmyndari: Eyrún Ingadóttir.

Blaðið er sent öllum félagsmönnum

Ársáskrift fyrir utanfélagsmenn  
kr. 2000,- + vsk.  
Verð pr. tölublað kr. 700,- + vsk.

NETFANG RITSTJÓRA:  
[thyri@lr.is](mailto:thyri@lr.is)

PRENTVINNSLA:  
Litlaprent

UMSJÓN AUGLÝSINGA:  
Öflun ehf.  
Sími 530 0800  
ISSN 1670-2689



# Búðu þig undir skapandi framtíð

Ferðin frá hugmynd að farsælu fyrirtæki með skýra framtíðarsýn kallar á öflugan samstarfsaðila.

Kynntu þér þjónustu okkar á  
[arionbanki.is/fyrirtaeki](http://arionbanki.is/fyrirtaeki)

Fyrirtækjþjónusta Arion banka




**2015**

„Nú erum við búin að kaupa næstu jörð. Það bíða ótal tækifæri.“

**2004**

„Við vorum búin að vera kúabændur í 10 ár. Þá ákváðum við að breyta búinu í sveitahótel.“





## Hinn nýi Landsréttur

Í SÍÐASTA BLAÐI var viðtal við innanríkisráðherra Ólöfu Nordal sem m.a. lýsti því að það væri ásetningur hennar að skilja við ráðuneytið með millidómstigið frágengið. Það var því afar ánægjulegt þegar þær fregnir bárust frá Alþingi að búið væri að samþykkja frumvarp ráðherrans og stofnun Landsréttar orðin staðreynd. Áætlað er að Landsréttur taki til starfa árið 2018 sem er tilhlökkunarefni fyrir alla, löglærða sem ólöglærða. Óhætt er að segja að um eina mestu réttarbót sé að ræða í íslensku samfélagi síðan Hæstiréttur var stofnaður árið 1920.

Fjármögnun í dómkerfinu, eða réttara sagt skortur á fjármögnun, er þekkt vandamál. Áhyggjur af slíku hafa verið viðraðar við fjölmörg tilefni, ekki síst af hálfu dómara. Lýst hefur verið sérstökum áhyggjum af fjárskorti þegar kemur að aðstoð við dómara, þjálfun nýliða og endurmenntun. Við stofnun nýs dómstóls er að mörgu að hyggja í þeim efnum og vonandi mun fjármagnið fylgja til að hægt sé að ýta dómstólnum úr vör með myndarbrag.

Það er fagnaðarefni að í hinum nýsamþykktu lögum er kveðið á um stofnun sjálfstæðrar stjórnvíslyststofnunar sem kallast mun dómstólasýslan. Hlutverk hennar er að annast sameiginlega

stjórnvísly dómstólanna og hún mun því taka við af dómstólaráði. Fram kemur í athugasemdum við frumvarpið að tilgangur með hinni nýju stofnun sé m.a. að efla og styrkja sameiginlega stjórnvísly dómstólanna en einnig er lagt til að hin nýja stofnun leggi mat á og geri tillögur um nauðsynlegar fjárveitingar til stofnana dómkerfisins. Í ákvæðinu felst það nýmæli að ráðherra verði að gera fjárlaganefnd Alþingis sérstaka grein fyrir því ef hann ákveður að víkja frá tillögum dómstólasýslunnar um fjárveitingar. Ákvæðið verður því ekki skilið öðruvísi en að grunnmatið um fjárveitingarþörf dómstólanna liggi hjá stofnuninni og mikið þurfi að koma til ef ganga eigi framhjá því mati. Stofnunin verður í beinni snertingu við dómstólana en í stjórn hennar verða m.a. dómara af öllum dómstigunum þremur, kjörnum úr þeirra hópi. Við lögmenn hljótum því að skora á þá, sem taka sæti í stjórn hinnar nýju stofnunar, að nýta og nota þetta hlutverk sitt til að styrkja innviði dómstólanna, stuðla að aukinni þekkingu og þjálfun dómara auk þess að tryggja nægilega aðstoð og góða aðstöðu. Þessir grunnþættir eru ekki síður mikilvægir en hæfi dómara sjálfrá og er öllu réttarkerfinu til heilla.

Eftir er að setja fram frumvarp til breytinga á lögmannaalögum um það hverjir munu hafa réttindi til að flytja mál fyrir hinum nýja Landsrétti og svo í framhaldinu hjá breyttum Hæstarétti. Undirritaðri er kunnugt um að starfsþópur valinkunnra lögmanna hafi unnið að slíku að undanfögnu, ásamt stjórn LMFÍ og embættismönnum í Innanríkisráðuneytinu. Engum blöðum er um það að fletta að um gríðarlegt hagsmunamál er að ræða fyrir okkur lögmenn. Prófmálakerfið í Hæstarétti hefur sætt nokkru ámæli og fjallaði Lögmannablaðið um það á síðasta ári. Allt of margir lögmenn berjast þar um allt of fá mál sem uppfylla skilyrði þess að vera prófmál. Það hefur gert það að verkum að klíkuskapur ræður að mestu hverjir fá þau prófmál í hendur sem í boði eru. Þá slær það jafnframt skökku við að stærstu málin í Hæstarétti séu flutt af lögmönnum sem enga reynslu hafa af málflutningi þar. Þessu þarf að breyta og koma á gagnsæju kerfi sem byggir á jafnræði en jafnframt tekur tillit til reynslu lögmansins og ekki síður gæða lögmennsku hans. Það er ekkert áhlaupaverk en undirritað ber þá von í brjosti að vel takist til.

*Þyrí Steingrímisdóttir hrl.*





## Hver hefur aðgang að þínum upplýsingum? >

Þann 14. apríl síðastliðinn samþykkti Evrópusambandið nýja reglugerð um varðveislu persónuupplýsinga, sem taka mun gildi á Evrópska efnahagssvæðinu 28. maí 2018. Með tilkomu reglugerðarinnar mun(u) meðal annars:

- Eigna- og ráðstöfunarréttur á persónuupplýsingum verða skilgreindur með skýrari hætti.
- Fyrirtæki og stofnanir þurfa að leita upplýsts samþykkis einstaklings fyrir söfnun og vinnslu persónuupplýsinga.
- Varðveisla persónuupplýsinga eingöngu verða leyfð ef sýnt er fram á tilgang með varðveislunni og að sá tilgangur sé hinn sami og söfnunin byggð á.
- Brot á ákvæðum reglugerðarinnar geta leitt til sekta sem geta numið umtalsverðum upphæðum eftir eðli brots.
- Sömu reglur um persónuvernd gilda á öllu Evrópska efnahagssvæðinu og einstaklingar geta leitað réttar síns hjá eigin eftirlitsstofnun.



Örugg eyðing gagna

Bæjarflöt 4  
112 Reykjavík

Sími: 568 9095  
[www.gagnaeyding.is](http://www.gagnaeyding.is)

**GAGNAEYÐING**

Við vinnum eftir vottuðu gæðakerfi



# Aðalfundur Lögmannafélags Íslands

AÐALFUNDIR LÖGMANNAFÉLAGS ÍSLANDS og félagsdeildar LMFÍ 2016 voru haldnir fimmtudaginn 12. maí s.l. í Safnahúsinu, Hverfisgötu 15. Auk venjubundinna aðalfundarstarfa var samþykkt tillaga um hækkun árgjalds og fjórir félagsmenn sæmdir gullmerki Lögmannafélags Íslands. Reimar Pétursson hrl. og formaður, kynnti skýrslu stjórnar og gerði stuttlega grein fyrir þeim málum sem hafa verið í brennidepli innan félagsins á liðnu starfsári.



Heiðrún Jónsdóttir hdl.

## Vinnuhópar á vegum félagsins

Lögmannafélagið skipaði á starfsárinu vinnuhóp fimm lögmanna sem fékk það hlutverk að stilla upp tillögum að breytingum á lögum um lögmenn nr. 77/1998. Hópurinn var settur á laggirnar í framhaldi af tillögum nefndar innanríkisráðherra um millidómstig sem kynntar voru í febrúar 2015. Stjórnin skipaði einnig þrjúgjá manna vinnuhóp til að skoða starfs- umhverfi lögmanna með það að markmiði að kortleggja hvort og þá hvernig þrýstingur í fjölskyldulífi hafi áhrif á gæði starfa lögmanna, starfs- horfur þeirra og hvort unnt sé að draga úr neikvæðum áhrifum, teljist þau markverð. Þá skipaði stjórnin vinnuhóp til að fara yfir regluverk gjafsóknar ásamt því að útbúa tillögur til breytinga á ákvæðum laga um gjafsókn.

## Hagsmunagæsla félagsins

Stjórn félagsins gerði á starfsárinu alvarlegar athugasemdir við þá fyrir- ætlan innanríkisráðuneytisins að framlengja samning sinn við Rauða kross Íslands um að vera talsmenn

fyrir hælisleitendur. Bent var á að samningurinn væri í andstöðu við ákvæði útlendingalaga, auk þess sem hann fæli í sér hagsmunaárekstra þar sem Rauði krossinn gæti ekki boðið sjálfstæða og óháða þjónustu á sama tíma og samtökin væru háð takmörkuðum fjármunum frá ríkis- valdinu. Þá sendi stjórn félagsins erindi til dómstólaráðs þar sem farið var fram á að ráðið beitti sér fyrir setningu viðmiðunarregla um framkvæmd húsleita á lögmannsstofum. Áfram var unnið að úrbótum á framkvæmd símhlustana, eyðingu trúnaðarupp- lýsinga af hálfu rannsóknaraðila og lögbundnu eftirliti ríkissaksóknara með símhlustunum.

## Endurskoðun reiknings fyrir liðið reikningsár

Ingimar Ingason, framkvæmdastjóri gerði grein fyrir ársreikningi félagsins vegna ársins 2015. Niðurstaða af rekstri félagsins í heild var jákvæð um 2,2 milljónir en hagnaður lögbundna hlutans nam rúmri 1,8 milljónum króna á meðan hagnaður félagsdeildar var um 400 þúsund krónur. Framkvæmdastjórinn fjallaði





Reimar Pétursson formaður afhenti gullmerki LMFÍ. F.v. Brynjar Níelsson, Gústaf Þór Tryggvason og Jónas Þór Guðmundsson.

jafnframt um einstaka rekstrarliði sem tóku eftirtektarverðum breytingum á milli ára.

## Hækkun árgjalds

Að endingu voru samþykktar tillögur um hækkun árgjalds til skyldubundna hlutans úr 51.000 krónum í 54.000 krónur og hækkun árgjalds fyrir aðild að félagsdeild úr 10.500 krónum í 11.500 krónur.

## Kosningar

Reimar Pétursson hrl. gaf einn kost á sér til formennsku og var hann kjörinn formaður félagsins til eins árs. Í aðalstjórn til næstu tveggja ára

voru kosin þau Þórdís Bjarnadóttir hrl. og Arnar Þór Stefánsson hrl., en auk þeirra sitja áfram í stjórn þau Berglind Svavarsdóttir hrl. og Árni Þór Þorbjörnsson hdl. Í þriggja manna varastjórn voru kjörin þau Heiðrún Jónsdóttir hdl., Ástráður Haraldsson hrl. og Hjördís Edda Harðardóttir hrl. Gústaf Þór Tryggvason hrl. og Othar Örn Petersen hrl. voru endurkjörnir skoðunarmenn og Þorbjörg I. Jónsdóttir hrl. til vara. Í laganefnd voru kjörin Grímur Sigurðarson hrl., Marta Margrét Ö. Rúnarsdóttir hdl., Stefán Andrew Svensson hrl., Einar Farestveit hdl., Almar Möller hdl., Hildur Ýr Viðarsdóttir hdl. og Helga Lára Hauksdóttir hdl.

## Afhending gullmerkis LMFÍ

Á fundinum voru fjórir félagsmenn sæmdir gullmerki Lögmannafélags Íslands. Tveir fyrrum formenn félagsins, Brynjar Níelsson hrl. og Jónas Þór Guðmundsson hrl., hlutu gullmerkið fyrir formannsstörf og önnur störf sín í þágu félagsins. Þá voru sæmdir skoðunarmenn félagsins til fjölda ára, þeir Othar Örn Petersen hrl. og Gústaf Tryggvason hrl. fyrir vel unnin störf í þágu félagsins.

*Anna Lilja Hallgrímsdóttir*

Andri Árnason hrl.  
Edda Andradóttir hrl., LL.M.  
Finnur Magnússon hdl., LL.M.  
Halldór Jónsson hrl.  
Lárus L. Blöndal hrl.  
Sigurbjörn Magnússon hrl.  
Simon David Knight  
Stefán A. Svensson hrl., LL.M.  
Vífill Harðarson hrl., LL.M.

**juris**

Borgartúni 26  
IS 105 Reykjavík  
+354 580 4400  
www.juris.is



# Málþing um skyldur lögmanna gagnvart samfélaginu

ÁÐUR EN AÐALFUNDUR Lögmannafélagsins var haldinn, þann 12. maí sl., stóð félagið fyrir málþingi sem fjallaði um skyldur lögmanna gagnvart samfélaginu. Hr. Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, hóf þingið með ávarpi en þau Reimar Pétursson, hrl. og formaður Lögmannafélagsins, Ólöf Nordal, innanríkisráðherra, Skúli Magnússon, héraðsdómari og formaður Dómarafélags Íslands, og Karl Axelsson, hæstaréttardómari, fluttu erindi.

## Hornsteinn réttlætis

Í ávarpi sínu rifjaði hr. Ólafur Ragnar Grímsson stuttlega upp tímann í kringum efnahagshrunið þegar hér skapaðist óeirðaástand. Hann sagði þennan tíma vera okkur áminningu um að umrót samfélagsins geti sett flest úr skorðum og knúið allar meginstöðir ríkisvalds til að taka breytingum: „Þessi saga okkar þjóðar sýnir ótvírætt að samfélagið er öflugur gerandi í þróun réttarríkis og umræða okkar um lærdóm sem fylgir slíkum breytingum er enn í mótun. Við

höfum ekki horfst í augu við þennan tíma og spurt okkur hvaða lærdóm eigi að draga af þessu öllu saman,“ sagði Ólafur. Hornsteinn réttlætisins væri sú gamla dyggð að lögmenn og dómarmar hefðu ávallt hugrekki til að standa sterkir, fylgja dómgreind sinni, sannfæringu og innihaldi laganna. Umræðan þyrfti að vera opin og laus við allan ótta. Ólafur sagði málþing eins og þetta vera mikið fagnaðarefni og skref í rétta átt.

## Varðstaðan um sjálfstæði lögmanna

Reimar Pétursson sagði það megin-skyldu lögmanna að vernda réttarríkið. Í því fælist að upplýsa borgarana um efni laganna, gera þau skiljanleg og útskýra beitingu þeirra. Hann benti á að ráðgjöf lögmansins yrði að taka mið af þörfum viðskiptavinarins og mætti aldrei ráðast af þóknunarhagsmunum. Reimar sagði lögmenn fást við flókin og erfið verkefni sem þeir yrðu að leysa á sjálfstæðum grundvelli þannig að þörfum og óskum viðskiptavinarins væri mætt. Spurningin væri því þessi: „Hvaða kröfur

getum við lögmenn gert til okkar sjálfra svo samfélagið sjái sér hag í að leita álits okkar? Í fyrsta lagi að gæta sjálfstæðis og í öðru lagi að efla faglega þekkingu,“ sagði Reimar.

Reimar benti á mikilvægi þess að samfélagið gæti treyst á sjálfstæði lögmanna, sérstaklega á tímum sem þessum þegar mikil fjölgun væri í stéttinni og fyrir dyrum kunni að vera samdráttur í verkefnum: „Við sem lögmenn hljótum í þágu samfélagsins að gera ríkar kröfur til okkar sjálfra, til sjálfstæðis og faglegra vinnubragða. Takist okkur það hlýtur samfélagið að taka þátt í varðstöðunni um sjálfstæði lögmanna,“ sagði hann.

## Heiðarleiki, starfsreynsla og eftirlit

Ólöf Nordal sagði lögmenn gegna mikilvægu hlutverki í réttarkerfinu og að ráðgjöf þeirra veitti bæði einstaklingum og atvinnulífinu leiðbeiningar um efni laganna og stuðlaði þannig að beitingu þeirra. Mikilvægt hlutverk lögmanna væri bæði að leysa deilur utan dómstóla og sækja og verja rétt sinna umbjóðenda fyrir dómi en til





Ólafur Ragnar Grímsson.



Reimar Pétursson.



Skúli Magnússon.



Karl Axelsson.

Þess hafi þeir sérstök réttindi. Síðast en ekki síst þá veiti lögmenn og Lögmannafélagið stjórnvöldum og dómstólum aðhald.

Ólöf sagði lögmenn þurfa að vera heiðarlega í störfum sínum og þar gefi síðareglur og lögmannaalög tóninn. Regluramminn, sem lögmenn starfi eftir, sé forsenda þess að lögmenn geti staðið undir þeirri ábyrgð sem á þeim hvílir gagnvart samfélaginu og umbjóðendum þeirra. Ólöf benti á mikilvægi starfsreynslu áður en menn öðlast lögmennsréttindi: „Háskólanám og námskeið til öflunar réttinda til að vera héraðsdómslögmaður getur vissulega þjáfað lögmenn en slíkt getur varla komið í stað handleiðslu reyndra lögmanna og raunverulegra verkefna,“ sagði hún.

Þá fjallaði Ólöf um mikilvægi þess að eftirlitshlutverk LMFÍ væri virkt og skapaði þannig aðhald fyrir stéttina. Að hennar mati ættu stjórnvöld þó ekki að hafa virkara eftirlit með gæðum á þjónustu lögmanna: „Lögmenn eiga sjálfir að hafa slíkt eftirlit, það samrýmist best sjálfstæði stéttarinnar sem er mikilvægt,“ sagði hún. Að lokum sagði Ólöf álitamál hvort gildandi lög og reglur veittu LMFÍ nægilega möguleika á frumkvæði við eftirlit og næg úrræði til að bregðast við ef lögmenn vanræktu skyldur sínar.

## Að efla rétt og hindra órétti

Skúli Magnússon sagði helstu skyldur lögmanna vera að sjá til þess að þegnar samfélagsins hefðu vitneskju um rétt sinn og að aðstoða þá við

að fullnusta hann. Í þessu fælist að lögmaður ætti að leggja það til máls sem hann vissi sannast eftir lögum, líka þegar komið væri til hans með vonlaust mál. Skúli fjallaði um mikilvægi þess að samfélagið færi eftir lögum. Lögin væru hins vegar ekki alltaf skýr og því væri nauðsynlegt að hafa dómstóla og lögmenn sem gætu tekið að sér hagsmunagæslu, fært rök og fundið besta flötinn á ákveðnum málstað: „Þetta þýðir að við viljum ekki bara að lögmenn séu uppflöttir um lög, heldur þurfa þeir að vera málafærslumenn, baráttumenn og hagsmunagæslumenn,“ sagði hann.

Skúli benti á að annað mikilvægt hlutverk lögmanna væri að veita dómurum aðhald, t.d. með því að skjóta úrlausnum til æðri dóms, skrifa kvartanir til erlendra eftirlitsaðila, sækja um endurupptöku o.s.frv. Aðhaldið birtist líka í gagnrýni á einstaka dómara, dóma og málsmeðferð, sem þó yrði að vera innan málefnalegra marka. Að lokum sagði Skúli að samkvæmt öllu þessu væru lögmenn ekki málaliðar sem tækju við greiðslu og gerðu hvað sem er og þeir gegndu lykilhlutverki í réttarríkinu við að efla rétt og hindra órétti.

## Aðkoma að rekstri dómsmála

Karl Axelsson sagði lögmenn gegna lykilhlutverki í dómsmálum og við upphaf málareksturs væri fátt mikilvægara en heiðarleiki og afdráttarlaust mat lögmanna á réttarstöðu umbjóðanda. Karl sagðist oft hugsu yfir því hvernig sum mál rötudu fyrir dómstóla því réttarstaðan væri

svo augljós. Ástæðurnar væru margvíslegar og mætti þar helst nefna fjárhagslegan ávinning, offramboð í stéttinni og að erfitt væri að neita umbjóðanda sem vildi stundum láta reyna á málstaðinn þvert á alla ráðgjöf. Eitt helsta hlutverk lögmannsins við rekstur dómsmáls væri að leggja málið upp frá a til ö og þar yrði að vanda til verka. Hann velti því upp hvort aðgangur almennings að dómstólum væri nægilega vel tryggður og hverjar skyldur lögmanna væru í því sambandi. Skilyrði til gjafsóknar væru tiltölulega þröng og þáttur lögmanna oft ógagnsær og vanmetinn.

Karl sagði það samfélagslega kröfu að lögmenn tjái sig um niðurstöður dóma á málefnalegan hátt. Skyldur lögmanna gagnvart samfélaginu væru að halda uppi réttarríki: „Samtal eins og í dag á vettvangi LMFÍ með aðild fulltrúa dómara, það er gott dæmi um nýja tíma þar sem fulltrúar þessara lykilstétta hittast og skerpa á þýðingarmiklum skyldum hvors annars,“ sagði hann að lokum.

## Í lokin

Málþingið tókst afar vel og það var mál þeirra sem á hlýddu að tímabært væri að ræða skyldur lögmanna í réttarríkinu sem eru, eins og Karl Axelsson orðaði það: Að halda uppi réttarríki.

*Anna Lilja Hallgrímsdóttir*

REIMAR PÉTURSSON HRL.



## Lög um stofnun millidómstigs samþykkt

SÚ ÁNÆGJULEGA FRÉTT barst nú á dögunum að Alþingi hefði samþykkt lög um stofnun Landsréttar. Dómstigin á Íslandi eru þá aftur orðin þrjú líkt og fyrir stofnun Hæstaréttar 1920 og líkt og víðast annars staðar.

Um er að ræða viðamestu breytingar sem ákveðnar hafa verið á íslensku dómskerfi frá 1989 þegar ákveðið var að skilja að umboðs- og dómsvald í héraði. Sumir myndu jafnvel segja að veigameiri breytingar hafi ekki verið ákveðnar frá stofnun Hæstaréttar en slíkur samanburður er þó snúinn.

Réttarkerfi landsmanna er í aðalatriðum traust. Þó hefur í tilteknum afmörkuðum tilvikum reynst vandasamt að tryggja réttláta málsmeðferð, einkum með tilliti til réttarins til milliliðalausrar málsmeðferðar. Í þeim rétti felst að þeir dómáramur einir sem hafa hlýtt á munnlegar skýrslur skeri úr um hvað teljist sannað með þeim.

Hingað til hafa skýrslutökur almennt verið framkvæmdar í héraði en ekki í Hæstarétti. Af því hefur leitt að Hæstiréttur hefur búið við skorður við endurskoðun á sönnunargildi skýrslna fyrir héraðsdómi. Í stað endurskoðunar hefur rétturinn því

þurft að ómerkja héraðsdóma sem leiðir til endurtekinnar málsmeðferðar. Þá skapar þetta fyrirkomulag ákveðna hættu á brotum gegn réttlátri málsmeðferð.

Fyrirhugað er að Landsréttur horfi á skýrslur í máli og að helstu vitni og ákærðu komi þar fyrir dóm. Landsrétti verður því kleift að endurmeta viðhorf héraðsdóms til sönnunargildi skýrslna. Með því er málsmeðferðin gerð réttlátari og vandaðri. Ómerkingum dóma ætti því að fækka og draga ætti úr líkum á áfellsdómum yfir ríkinu í Strassborg.

Þörfin fyrir þessar breytingar hefur verið rædd um langt árabíll. Á síðustu árum hefur Lögmannafélag Íslands beitt sér sérstaklega fyrir þessum breytingum og sama má segja um önnur fagfélög lögfræðinga.

Framvinda mála hefur þó verið mishröð og málið hefur þurft sinn meðgöngutíma. Núverandi innanríkisráðherra ákvað hins vegar að ráðast í áttak til að sigla málinu í höfn. Á tiltölulega skömmum tíma var þannig lögð lokahönd á frumvörp um málið í nánú samráði helstu fagaðila í réttarkerfinu.

Frá því frumvörpin voru lögð fyrir þingið og þar til þau voru samþykkt leið tiltölulega stuttur tími. Þingmenn úr öllum flokkum greiddu atkvæði með samþykkt þeirra. Þetta kom þægilega á óvart miðað við margt sem tíðkast í stjórnmálamenningu nútímans.

En kálið er ekki sopið þótt í ausuna sé komið. Eftir á að hrinda lögunum í framkvæmd og þar er að ýmsu að hyggja. Skipa þarf dómara, ráða starfsfólk og útvega húsnæði og tækjabúnað. Eins þarf að gera breytingar á ýmsum lögum sem tengjast starfsemi dómstóla, t.d. lögum um lögmenn og lögum á sviði fullnusturéttarfars. Myndarlegt áttak þarf svo þetta gerist fúmlaust og mikilvægt er að varðveita þann frið sem hefur ríkt um málið.

Loks má ekki gleyma einu: Að hrósa ráðherra og Alþingi fyrir að hafa samþykkt lögin með jafn skjóttum og öruggum hætti og raun ber vitni.





NÝTT  
A1

HLJÓMFAGURT  
HVAR SEM ÞÚ ERT



A2



BEOLIT 15

**BANG & OLUFSEN**

**ORMSSON**

Lágmúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 530 2800

# Af Merði lögmanni

Mörður er í rusli! Hann hafði haft sig í smá tiltekt á stofunni um daginn þegar yfir hann helltist verkstol. Auðvitað ætlaði hann að flokka skjölin eftir kúnstarinnar reglum og skila til Þjóðskjalasafnsins. Hann gafst hins vegar upp enda aldrei nokkur sála sem mun kíkja í þessi skjöl. Flokkunarferlið breyttist í það að troða sem mestu af blaðabunkunum í svarta plastpoka og binda rækilega fyrir. Það hvarflaði ekki að Merði eitt sekúndubrot að fara að eyða fjármunum í gagnaeyðingu svo hann læddist með pokann í næsta grenndargám og þar með hefði sögunni átt að vera lokið.

Þremur dögum seinna, þegar Mörður var enn að hvíla sig eftir flokkunarferfiðið, hætti hann snemma og fékk sér rjúkandi nýjan ástarpung úr Sveinsbakaríi á leiðinni heim. Þá dundu ósköpin yfir. Blaðasnápur af ríkisfjölmiðlinum hringdi og vildi fá „komment“ frá Merði um upplýsingar sem komið höfðu fram í gagnaleka af lögmansstofu hans. Mörður kannaðist ekki við neinn leka, enda var mágur hans pípulagningamaður og dyttaði jafnan að lögnum fyrir Mörð heima og á stofunni, svona í skiptum fyrir ráðgjöf og einstaka snúninga.

Kom í ljós að einhver elliær ruslaþjófur hafði stolið öllum gögnunum, farið með heim til sín og lesið spjaldanna á milli eins og öldina okkar eða ævisögu Jónínu Ben. Sá kom þessu svo á barnabarn sitt sem var eitt að þessum afturhaldskommatittum í fjölmiðlastétt sem stunduðu það að dreifa slúðri og óhróðri um landsins mestu sómasveina og fyrimenni. Í þrjár vikur samfleytt höfðu þessir mykjudreififarar verið uppteknir að snúa útúr einstaka skjölum og gögnum og spinna upp hinn ótrúlegasta þvætting og bull, sem jafnvel lygalauparnir Nixon og Ponzi hefðu verið stoltir af.

Slegið var upp fyrirsögnum að samkvæmt upplýsingum úr „Marðar-gate“ hefðu þýskir leppar verið notaðir í einkavæðingu ríkisbanka. Hið rétta var að Mörður og nokkrir félagar hans úr kjördæmasambandi norðvesturkjördæmis höfðu fengið smá styrk úr kjördæmaskúffu viðskiptaráðherra í því skyni að flytja til landsins þýska augnleppa, vel merkta flokknum, til að dreifingar í grunnskólum á svæðinu. Mörður sjálfur fæddist með letiauga sem var ómeðhöndlað í æsku og því orðið vitavonlaust til nokkurs brúks. Vildi Mörður forða ungvíðinu frá sömu örlögum og höfðu félagar hans (sem sátu reyndar líka fyrir hönd flokksins í einkavæðingarnefnd) bent honum á alveg sérlega viðkunnanlegt og hjálpfúst þýskt einkafyrirtæki sem gæti tekið að sér að búa til leppana. Það hafði hins vegar enginn blaðamaður áhuga á því að nefna göfugar og óeigingjarnar hvatir Marðar í málinu og jafnvel sjálfur kafsumboðsmaður Alþingis tók þátt í spunum og heimtaði frekari rannsóknir.

Önnur vitleysan var sú að Mörður væri sérlegur ráðgjafi flokksins í aflandsviðskiptum og hefði ráðlagt og aðstoðað flokksfélaga hvernig ætti að geyma fé á aflandseyjum. Hlustaði enginn á útskýringar Marðar á því að hann hefði um árabíl verið gjaldkeri hrútaræktunarfélagsins Torfbólu. Félagið, sem hafði reyndar fengið rífligan styrk úr skúffufé forsætisráðherra, átti hlut í samnefndum velgrónum hólma rétt fyrir utan Hólmavík þar sem fé af sjaldgæfu séra Guðmundarkyni var haldið til að blandast ekki því fé sem á landi var, svokölluðu álandsfé. Eitt helsta markmið Torfbólu var að koma í veg fyrir að eðalhrútakynið, sem oft var kallað aflandsfé, blandaðist við álandsfé.

Það var reyndar óheppilegt og erfitt að útskýra aurana sem Mörður hafði fengið þegar hann seldi silfrið og mávastellið úr dánarbúi foreldra sinna á ebay. Kaupandinn var einhversstaðar suður í höfum og hafði lagt aurinn inn á reikning á sínum heimaslóðum. Mörður hafði bara ekki enn haft tíma til að telja þetta fram eða upplýsa systur sínar um þetta, enda höfðu þær nú ekki útskýrt nægilega hvað varð um Kjarvalinn sem hékk yfir borðstofuskenknum og Schevinginn sem hékk í stásstofunni.

Svona gekk þetta þar til dag einn að gömul górilla slapp úr dýragarðinum í Hádegismóum og gekk berserksgang í bænum. Fjölmiðlar fylltust af fréttum af ferða- og háttarlagi górillaunar og Mörður gleymdist um stund.





## NÝ MÁLFLUTNINGSRÉTTINDI FYRIR HÆSTARÉTTI

### **Ingvor Þóroddsson hrl.**

Lögmanshlíð,  
lögfræðipjónusta ehf.  
Glerárgötu 36, 4. hæð  
600 Akureyri  
Sími: 466-2700

### **Garðar Guðmundur**

**Gislason hrl.**  
LEX lögmansstofa  
Borgartúni 26  
105 Reykjavík  
Sími: 590-2600

## NÝ MÁLFLUTNINGSRÉTTINDI FYRIR HÉRAÐSDÓMI

### **Ása Sigríður Hallsdóttir hdl.**

Cleary Gottlieb Steen  
& Hamilton LLP  
Rue de la Loi 57  
1040 Brussel, Belgía  
Sími: +32 22872176

### **Fjölur Vilhjálms hdl.**

Lögmenn Árbæ  
Nethyl 2  
110 Reykjavík  
Sími: 568-1245

### **Grímur Már Þóroddsson hdl.**

KM lögmansstofa  
Suðurlandsbraut 16  
108 Reykjavík  
Sími: 571-5011

### **Halldór Hrnarr**

**Halldórsson hdl.**  
Lögmansstofan Fortis ehf.  
Laugavegi 7  
101 Reykjavík  
Sími: 520-5800

### **Hjalti Brynjar Árnason hdl.**

Pacta lögmenn/Lögheimtan ehf.  
Kirkjubraut 12  
300 Akranes  
Sími: 440-7900

### **Hlynur Jónsson hdl.**

Veritas lögmenn  
Borgartúni 28  
105 Reykjavík  
Sími: 571-5040

### **Karl Óli Lúðvíksson hdl.**

KM lögmansstofa  
Suðurlandsbraut 16  
108 Reykjavík  
Sími: 571-5011

### **Marteinn Áki Ellertsson hdl.**

Valitor hf.  
Dalshrauni 3  
220 Hafnarfirði  
Sími: 525-2046

### **Ólafur V. Thoroddsen hdl.**

Versus lögmenn  
Hlíðarsmára 19  
201 Kópavogi  
Sími: 777-1210

### **Sunna Björk Atladóttir hdl.**

Pacta lögmenn  
Faxatorgi 1  
550 Sauðárkróki  
Sími: 669-7966

### **Sveinbjörn Guðlaugsson hdl.**

Lögmenn Árbæ  
Nethyl 2b  
110 Reykjavík  
Sími: 568-1245

### **Vilhjálmur Þór Svansson hdl.**

Arion banki  
Borgartúni 19  
105 Reykjavík  
Sími: 444-7000

### **Porvaldur Hauksson hdl.**

Atlantik Legal Services  
Höfðatorgi, Katrínartúni 2  
105 Reykjavík  
Sími: 415-4725

## ENDURÚTGEFIN LÖGMANNSRÉTTINDI

### **Ásmundur Jónsson hdl.**

Fulltingi slf.  
Suðurlandsbraut 18  
108 Reykjavík  
Sími: 553-2050

### **Bjarni Stefánsson hdl.**

Suðurási 18  
110 Reykjavík  
Sími: 567-3050

### **Eva Margrét Ævarsdóttir hdl.**

Arion banki  
Borgartúni 19  
105 Reykjavík  
Sími: 444-7000

### **Páll Jónsson hdl.**

Atlantik Legal Services  
Höfðatorgi, Katrínartúni 2  
105 Reykjavík  
Sími: 415-4725

## NÝR VINNUSTAÐUR

### **Árni Freyr Árnason hdl.**

Kjarni lögmansstofa  
Laugavegi 170  
105 Reykjavík  
Sími: 773-7583

### **Árni Sigurgeirsson hdl.**

Aurar innheimtustofa  
Laugavegi 178  
105 Reykjavík  
Sími: 431-4800

### **Björg Jóhannesdóttir hdl.**

Össur hf.  
Grjóthálsi 5  
110 Reykjavík  
Sími: 515-1300

### **Dagbjört Erla Einarsdóttir hdl.**

Reginn hf.  
Hagasmára 1  
200 Kópavogur  
Sími: 512-8912

### **Dagbjört Snjólaug Oddsdóttir hdl.**

Valitor hf.  
Dalshrauni 3  
220 Hafnarfirði  
Sími: 525-2022

### **Halldór Reynir Halldórsson hdl.**

HRH lögmansstofa  
Lágmúla 7  
108 Reykjavík  
Sími: 516-4000

### **Ólafur Kristinnson hdl.**

Lögsaga lögmansstofa  
Hlíðarsmára 19  
201 Kópavogur  
Sími: 898-7910

### **Ólafur Kjartansson hdl.**

Lausnir lögmansstofa  
Suðurlandsbraut 52  
108 Reykjavík  
Sími: 563-1800

### **Ólafur Rúnar Ólafsson hrl.**

Eyjaferðarsveit  
Skólatróð 9  
601 Akureyri  
Sími: 463-0600

### **Óskar Magnússon hrl.**

Kerfélagið ehf.  
Lindarvaði 1  
110 Reykjavík  
Sími: 669-1336

### **Berglind Svavarsdóttir hrl.**

**Harpa Höm Helgadóttir hdl.**  
**Inga Björg Hjaltadóttir hdl.**  
**Margrét Gunnlaugsdóttir hrl.**  
**Pyri Steingrímsdóttir hrl.**

Lögfræðistofa Reykjavíkur  
Borgartúni 25  
105 Reykjavík  
Sími: 515-7400

## NÝTT AÐSETUR

### **Birgir Örn Guðmundsson hdl.**

BÖG lögfræðistofa  
Blásölum 22  
201 Kópavogur  
Sími: 484-9939

### **Elín Árnadóttir hdl.**

Kjarni lögmansstofa  
Laugavegi 170  
105 Reykjavík  
Sími: 841-2118

### **Eva Dóra Kolbrúnardóttir hdl.**

EVA lögmenn  
Breiðvangi 28  
220 Hafnarfjörður  
Sími: 696-6070

### **Helgi Pétur Magnússon hdl.**

Borgarlögmenn  
Síðumúla 25, 3. hæð t.v.  
108 Reykjavík  
Sími: 520-4100

### **Jóna Benný Kristjánsdóttir hdl.**

Medial ehf.  
Fákaleiru 2c  
780 Hornafirði  
Sími: 869-8650

### **Ori Sigurðsson hdl.**

VOX lögmansstofa  
Suðurlandsbraut 4a  
108 Reykjavík  
Sími: 531-0000

### **Páll Eiríksson hdl.**

Borgarlögmenn – Holm & Partners  
Síðumúla 25, 3. hæð t.v.  
108 Reykjavík  
Sími: 520-4100

### **Saga Ýrr Jónsdóttir hdl.**

Vox lögmansstofa  
Suðurlandsbraut 4a  
108 Reykjavík  
Sími: 531-0000

### **Skúli Th. Fjeldsted hrl.**

Suðurlandsbraut 18  
108 Reykjavík  
Sími: 414-3050

### **Steinunn Guðbjartsdóttir hrl.**

Borgarlögmenn – Holm & Partners  
Síðumúla 25, 3. hæð t.v.  
108 Reykjavík  
Sími: 520-4100

### **Þórður Guðmundsson hdl.**

Borgarlögmenn  
Síðumúla 25, 3. hæð t.v.  
108 Reykjavík  
Sími: 520-4100

# Eitthvað fyrir alla

AÐ KVÖLDI LAGADAGS er hefð fyrir því að drykkjuhrútar og aðrir lögfræðingar komi saman til að bera saman bækur sínar og afrek á árinu. Þegar gengið var um gólf veislukynna Hilton hótelsins þetta kvöld mátti heyra marga ræða um mikla sigra eða ósanngjörn töp í réttarsölum landsins, nýlegar og furðulegar lagasetningar og úrskurði ráðuneyta eða stjórnarsýslunefnda. Þarna voru málin gerð upp – með miklum léttleika þó. Eitt það skemmtilegasta við lagadaginn er að þetta er það kvöld ársins þar sem lögfræðingar fá að kynna öðrum hliðum kollega sinna. Sumir sýna á sér sparihliðina, létu hliðina, jafnvel danshliðina, á meðan aðrir skarta sinni hefðbundnu hlið. Það er eitthvað fyrir alla á lagadagskvöldi.

Þótt höfundur bókarinnar Ne bis in idem, Róbert Spanó, hafi hrifið allan salinn með ljúfum tónum sínum þá er óhætt að fullyrða að að frammistaða kvöldsins hafi verið í boði veislustjóranna tveggja, Arnfríðar Einarsdóttur og Brynjars Níelssonar, eldri hjóna sem fóru á kostum með einlægum sögum úr svefnherberginu og hispurlausu gríni í garð eiginmannsins. Þau hittu beint í mark hjá veislugestum og brúuðu, af mikilli fagmennsku, bilið á milli veitinga og tónlistaratriða.

Karлакórinn Esja flutti nokkrar dægurperlur og troðfullur salurinn tók undir hvern tón. Næstum því eiginlega um leið og veislugestir höfðu lokið við dýrindis aðalrétt og mergjaðan eftirrétt þá steig á stökk reggie-hljómsveitin Amabadama og lék fyrir dansi. Áhugavert val á ballhljómsveit, enda átti fólkið í salnum ekki auðvelt með að finna reggie-taktinn undir áhrifum einungis áfengis. Rokkamman Andrea Jónsdóttir sendi þau síðan í háttinn og þeytti skífur fram á nótt. En kvöldið var einstaklega vel heppnað, með góðum skemmtiatriðum, mat og frábærum félagsskap.

*HÖB*



Arnfríður Einarsdóttir stóð upp úr dómarasætinu, henti af sér skikkjunni og brilleraði sem annar veislustjóra kvöldsins.




Brynjars Níelsson glímdi ekki við frammistöðukvíða á sviðinu á Hilton Reykjavík Nordica.



Róbert Spanó er margt til lista lagt, meðal annars að syngja ítalskar aríur svo fallega að hjórtu eldri kvenna slá hraðar en þeim er hollt og tár sjást á hvarmi ungmeyja. Þegar dómararaferillinn í Strassborg tekur enda þá er söngferill kannski málið?



Amabadama fyllti gólfið með ljúfum reggie tónum sem fjalla um að hossa og dilla bossa, dansa og drekka vín. Það gerðu lögfræðingar landsins eitt vorkvöld að loknum lagadegi.



Karлакórinn Esja kom syngjandi inn í salinn og sló í gegn - eins og reyndar eitt lagið fjallaði um. Eins og kona á miðjum aldri sagði stundarhátt við eitt borðið, full aðdáunar: „Já, þeir eru ekki bara útlitið.“





F.v. Arnar Þór Jónsson, Hrafnhildur Sigurðardóttir og Ragnar Tómas Árnason.



F.v. Guido Raimondi og Skúli Magnússon.



F.v. Bragi Björnsson, Ragna Björk Ragnarsdóttir og Unnur Erla Jónsdóttir.



F.v. Björn Þorri Viktorsson og Þórður Bogason.



F.v. Grétar Dór Sigurðsson, Berglind Svavarsdóttir og Þyri Steingrímsdóttir.



Reykjavíkurlögmennirnir (f.v.) Eypóra Hjartardóttir og Kristbjörg Stephensen ásamt Regínu Jénsdóttur.



Héraðssaksóknararnir (f.v.) Kolbrún Benediktsdóttir, Sigríður Svava Sigurgeirsdóttir og Ólafur Hallgrímsson.



Systurnar (f.v.) Anna Björg og Borghildur Erlingsdætur.



F.v. Unnur Ásta Bergsteinsdóttir, Einar Farestveit og Kristín Ólafsdóttir.



F.v. Friðbjörn Garðarsson og Jóhann Fannar Guðjónsson.



F.v. Harri Ormarsson og Sigurður B. Halldórsson.



Framsögumenn f.v. Guido Raimondi, Oddný Mjöll Arnardóttir, Davíð Þór Björgvinsson og Skúli Magnússon.



Málstofustjóri var Ragnhildur Helgadóttir.

## Aðalmálstofa Lagadagsins 2016: Hver á síðasta orðið?

HVER Á SÍÐASTA ORÐIÐ? Gildir úrlausna Mannréttindadómstóls Evrópu fyrir íslenskum dómstólum. Svohljóðandi var yfirskrift aðalmálstofu Lagadagsins að þessu sinni. Framsögumaður var enginn annar en sjálfur Guido Raimondi, forseti Mannréttindadómstóls Evrópu. Aðrir þátttakendur voru Oddný Mjöll Arnardóttir, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, Davíð Þór Björgvinsson, prófessor við lagadeild Háskólans í Kaupmannahöfn og lagadeild Háskóla Íslands og fyrrverandi dómari við dómstólinn, og Skúli Magnússon héraðsdómari, formaður Dómarafélags Íslands. Málstofustjóri var Ragnhildur Helgadóttir, prófessor og deildarforseti lagadeildar Háskólans í Reykjavík.

### Réttarvernd og leiðsögn dómstólsins

Guido Raimondi byrjaði á því að fjalla almennt um gildi dóma Mannréttindadómstóls Evrópu fyrir dómstólum aðildarríkjanna. Hann lýsti þeirri skoðun sinni að úrlausnir Mannréttindadómstólsins ættu ekki að tróna á toppi réttarheimildapýramídans heldur væri hugmyndin sú að dóm-

stóllinn væri hluti af kerfi þar sem dómstólar aðildarríkjanna léku í raun mikilvægara hlutverk en Mannréttindadómstóllinn. Í framhaldinu ræddi Raimondi um tvíþætt hlutverk dómstólsins sem annars vegar felst í því að veita einstaklingum réttarvernd en hins vegar í því að veita almenna leiðsögn á lagatúlkun.

### Svigrúm innlendra dómstóla

Erindi Oddnýjar Mjallar Arnardóttur innihélt samantekt á rannsókn sem hún hefur nýlega lokið við og ber heitið „Erga omnes through the backdoor, resinterpretata and the role of the Margins of Appreciation in giving domestic affect to the judgements of the European Court of Human Rights.“ Rannsóknin fjallar um fordæmisgildi dóma Mannréttindadómstólsins og að hversu miklu leyti innlendir dómstólar hafa svigrúm til mats á fordæmisgildi dóma MDE fyrir innlendum dómstólum. Oddný fjallaði um það hvernig 46. gr. Mannréttindasáttmálans gerir ekki ráð fyrir erga omnes áhrifum af dómum Mannréttindadómstólsins heldur séu þeir eingöngu bindandi fyrir viðkomandi aðildarríki. Þá minntist Oddný á það að því hefði verið hafnað að dómur Mannréttindadómstólsins

hefðu slík erga omnes áhrif en hins vegar skyldu aðildarríkin lúta meginreglunni um „resinterpretata“ áhrif dómanna og túlka landsrétt í samræmi við niðurstöður dóma Mannréttindadómstólsins. Oddný komst að þeirri niðurstöðu í rannsókn sinni að þessa meginreglu væri að finna þegar ákvæði 1., 19. og 32. gr. Mannréttindasáttmálans væru lesin í samhengi og þar sem að sáttmálinn væri „lifandi“ þá gætu aðildarríkin ekki uppfyllt skyldur sínar skv. 8. gr. ef þau tæku ekki mið af þróun í dómaframkvæmd dómstólsins við túlkun á ákvæðum Mannréttindasáttmálans, þ.m.t. dómum sem fallið hafa gegn öðrum aðildarríkjum. Í þessu samhengi fjallaði Oddný um dóm Mannréttindadómstólsins í máli Von Hannover gegn Þýskalandi (hinn síðari) og vitnaði í texta úr dóminum þar sem segir að í þeim tilfellum þar sem innlendir dómstólar hafa innleitt niðurstöður dóma Mannréttindadómstólsins á réttan hátt inn í landsrétt þurfi verulega sterk rök fyrir því að dómstóllinn endurmeti niðurstöðu hins innlenda dómstóls.

Í lok erindisins tók Oddný saman niðurstöður rannsóknarinnar sem benda til þess að þau ríki sem túlka landsrétt í samræmi við niðurstöður dóma Mannréttindadómstólsins fái mun meira svigrúm til mats (margin of appreciation) en þau ríki sem ekki gera það. Með öðrum orðum má segja að þau ríki sem ekki taka mið af dómum Mannréttindadómstólsins við túlkun laga megi eiga von á mun strangari dómum frá Mannréttinda-





Guido Raimondi.



Davíð Þór Björgvinsson.



Oddný Mjöll Arnardóttir.



Skúli Magnússon.

dómstólnum en þau ríki sem taka mið af dómsniðurstöðum Mannréttindadómstólsins.

### Fordæmisgildi dóma

Næstur var Davíð Þór Björgvinsson. Hann byrjaði á því að fjalla um það hversu óvinveitt 2. gr. laga nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu væri gagnvart dómsúrlausnum Mannréttindadómstólsins en í greininni er tekið fram að úrlausnir mannréttindadómstóls Evrópu séu ekki bindandi að íslenskum landsrétti. Davíð tók fram að Ísland hefði engar skyldur til að fylgja niðurstöðum Mannréttindadómstólsins hvað varðar önnur aðildarríki og því væru engin erga omnes áhrif. Hann lýsti hins vegar þeirri skoðun sinni að hann myndi vilja sjá dómstóla aðildarríkjanna taka meira mið af dómafordæmum Mannréttindadómstólsins. Hann teldi þó að dómstóllinn ætti það til að fjalla full mikið um niðurstöðurnar út frá sérstökum kringumstæðum í því aðildarríki sem um ræddi sem

drægi úr fordæmisgildi þeirra í öðrum aðildarríkjum. Nefndi hann í þessu samhengi hið franska búrkumál (SAS gegn Frakklandi) og velti þeim möguleika upp hvort að ef samsvarandi bann ríkti við íslenskar aðstæður yrði mögulega komist að gagnstæðri niðurstöðu vegna ólíkra aðstæðna í löndunum tveimur.

### Fyrir íslenskum dómstólum

Skúli Magnússon byrjaði á því að taka það fram að hér á landi væri löng og mikil hefð fyrir því að virða dómafordæmi Mannréttindadómstóls Evrópu. Úrlausnir dómstólsins hefðu haft mikil áhrif á löggjöf og nefndi sem dæmi frumvarp um millidómsstig. Fullyrti Skúla að meginástæða þess að stefnt væri að millidómsstigi væri vegna dómsúrlausna Mannréttindadómstólsins. Þá nefndi Skúli einnig hinn fræga 1990 bls. 2 dóm um aðskilnað framkvæmdavalds og dómsvalds. Skúli lýsti þeirri skoðun sinni að Mannréttindasáttmálinn væri mjög praktískur og lifandi í

íslenskum dómssölum. Almennur væri meðvitaður um sáttmálann og gildi hans hér á landi. Þá sagði hann ekki langa hefð fyrir því hjá íslenskum dómurum að vísa til úrlausna MDE, það hefði gerst undanfarin 10-20 ár og varpaði Skúli fram þeirri spurningu hvort íslenskir dómarmar vísuðu í dómanna sem bindandi eða í gegnum „resinterpretada“ gleraugun. Skúli virtist efast um að dómarmar við MDE teldu sjálfir að dómarnir væri algjörlega bindandi og því væri varla hægt að ætlast til þess að innlendir dómarmar gerðu það. Dómstóllinn yrði að virða þá afstöðu innlendra dómstóla að sýna andspyrnu við niðurstöður MDE. Þá yrði að virða mismunandi hefðir í mismunandi ríkjum, hér væru dómarmar til að mynda yfirleitt mjög stuttir og vanalega ekki mikið vísað til eldri dóma. Að lokum ræddi Skúli stuttlega um að ef menn fengju þá tilfinningu að stærri og valdameiri ríki fengju aukið svigrúm á meðan smærri ríkin væru frekar dæmd brotleg þá væri dómstóllinn að senda mjög röng skilaboð.

### Í lokin

Málstofan fór fram á ensku og verður að segjast eins og er að það féll heldur illa í kramið hjá málstofugestum og telur undirrituð að betur hefði farið á því að íslensku framsögumennirnir hefðu notast við ástkæra ylhýra á meðan gestir sporðrenndu hádegisverðinum.

*Guðríður Lára Þrastardóttir.*



Um 500 manns sóttu aðalmálstofu Lagadagsins að þessu sinni.



Fullt var úr dyrum á málstofunni.



F.v. Erla Þuríður Pétursdóttir, Hjördís Halldórsdóttir, Hörður H. Helgason og Helga Þórisdóttir.



Alma Tryggvadóttir.

## Málstofa:

# Persónuvernd á tímum tæknibyltingar

UNDANFARIN ÁR HEFUR verið unnið að því að setja á fót nútímalegt og samræmt regluverk um persónuvernd í Evrópusambandinu. Afrakstur þeirrar vinnu er ný reglugerð og tilskipun um persónuvernd sem samþykkt var af Evrópuráðinu og -þinginu í apríl sl. Það var því viðeigandi að ein af málstofunum á Lagadaginn 2016 skyldi fjalla um persónuvernd á tímum tæknibyltingar.

## Breytingar á regluverkinu frá sjónarhóli Persónuverndar

Alma Tryggvadóttir, skrifstofustjóri upplýsingaöryggis hjá Persónuvernd, fjallaði almennt um þær umfangsmiklu endurbætur á gildandi persónuverndarlöggjöf sem standa fyrir dyrum og fór yfir helstu breytingar sem hið nýja regluverk mun hafa í för með sér, en þær eru verulegar. Þannig mun gildissvið laganna verða víðtækara en áður og mun ríkari skyldur verða eftirleidis lagðar á herðar vinnsluaðila en núgildandi löggjöf mælir fyrir um. Þá bætast við ný ákvæði um beina ábyrgð fyrirtækja sem gera það verkum að sú skylda er sett á

fyrirtæki að tilkynna um öryggisbresti og krafa er sett um að sérstakur persónuverndarfulltrúi sé skipaður.

Hvað réttindi einstaklinga varðar nefndi Alma sérstaklega að breytingar yrðu á kröfum til samþykkis, en nýju reglurnar geri ráð fyrir að samþykki þurfi að vera upplýst og ótvírætt (e. unambiguous). Þá væri reglunum ætlað að fela einstaklingum betri stjórn með því að auka gagnsæi og rétt þeirra til aðgangs að upplýsingum um sig.

Alma fjallaði einnig um þá mikilvægu breytingu sem gerð verður á eftirlitshlutverki persónuverndarstofnana þar sem einstaklingum verður heimilt að leita til slíkra stofnana í sínu heimalandi, þar sem þeir starfa eða þar sem vinnsla fer fram.

## Breytingar á regluverkinu frá sjónarhóli innanhússlögfræðings

Erla Þuríður Pétursdóttir, yfirlögfræðingur Valitor hf., flutti erindi um fyrirhugaðar breytingar á regluverkinu frá sjónarhóli fyrirtækja sem þurfa að hlíta reglunum. Benti hún á að breytingar sem hinar nýju reglur hafi í för með

sér myndu að einhverju leyti hafa áhrif á viðskiptavinum fyrirtækja.

Nefndi hún sem dæmi að breytingarnar kunni að leiða til þess að það svari ekki lengur kostnaði fyrir fyrirtæki að byggja upp vildarvinakerfi eða markaðssetningu byggða á persónusniðum þar sem einstaklingum yrði heimilað að fara fram á að upplýsingar um sig yrðu afmáðar. Þá kynnu þær að hafa í för með sér breytingar á hugbúnaði og verklagi og kalla á ráðningu sérhæfðs starfsfólks á sviði persónuverndar. Allt hefði þetta kostnað í för með sér sem myndi lenda á viðskiptavinum.

Erla vakti einnig athygli á þeim vandamálum sem kynnu að koma upp við hina nýju löggjöf. Sem dæmi þá gætu kröfur, sem gerðar væru til fyrirtækja um varnir gegn peningaþvætti, rekist á við hið nýja regluverk. Þá væru kröfur, sem gerðar eru um tilkynningarskyldu til Persónuverndar, vegna öryggisbrests innan tiltekins tíma, þess eðlis að fyrirtækjunum væri í einhverjum tilvikum ómögulegt að hlíta þeim en slíkt kynni að hafa í för með sér álagningu sekta á viðkomandi fyrirtæki. Aðilar í atvinnulífinu hefðu einmitt áhyggjur af hinni gríðarlegu



hækkun á sektarheimildum sem hinar nýju reglur hafa í för með sér en samkvæmt þeim geta sektir numið allt að 4% af árlegri heildarveltu félags eða 20 milljón evrum að hámarki.

Erla Þuríður sagði í lokin það sérstaklega jákvætt við nýja regluverkið að gert væri ráð fyrir að hægt væri að leita til eins og sama eftirlitsaðilans þrátt fyrir að fyrirtæki væri með fasta starfsstöð eða dótturfélag í fleiri en einu Evrópulandi.

## Flutningar persónuupplýsinga á milli landa

Hörður Helgi Helgason, hdl. hjá Landslögum, fjallaði um mikilvægi flutninga persónuupplýsinga frá Evrópu til annarra landa. Persónuvernd væri mjög evrópskt fyrirbæri og að allar hugmyndir um slíkt væru á byrjunarstigi víðast hvar annars staðar í heiminum. Það væri til lítills að tryggja persónuvernd innan Evrópu ef hægt væri að komast hjá slíkri vernd með því að flytja upplýsingarnar þaðan án þess að tryggja öryggi þeirra.

Vegna þessa hefðu verið settar reglur um flutning persónuupplýsinga á milli landa sem ríki utan Evrópu gætu undirgengist. Þannig hefði ýmsum ríkjum verið bætt inn í lög-gjöfina sem „öruggum þriðju ríkjum“ og að auki hefðu verið settir ákvæðir „plástrar“ til þess að stækka þann hóp, þ.á m. ákvörðun um öruggar hafnir (e. Safe Harbor), ákvörðunum stöðluð samningsákvæði og ákvörðunum bindandi fyrirtækjareglur.

Umræddar umbætur hafi hins vegar ekki í öllum tilvikum reynst standast ákvæði laga og vísaði Hörður þar í dóm Evrópudómstólsins í máli Schrems. Í því máli felldi dómstóllinn úr gildi ákvörðun ESB um öruggar hafnir og setti með því flutning á persónuupplýsingum til Bandaríkjanna í umtalsvert uppnám. Hörður Helgi nefndi að gríðarlegir fjárhagslegir hagsmunir væru í húfi og að

framkvæmdastjórn ESB og bandarísk stjórnvöld hefðu undanfarið unnið hörðum höndum að því að finna lausn á málinu. Afrakstur þess hefði verið kynntur í febrúar 2016, en um er að ræða pólitískt samkomulag, svokallað „EU-US Privacy Shield“, sem væri ætlað að vera arftaki öruggra hafna.

Hörður Helgi nefndi að vinnuhópur á vegum Evrópusambandsins (e. Article 29 Working Party) hafi síðan birt álit sitt á þessum nýju reglum og talið að þó um væri að ræða réttarbót að þá vantaði þar ýmis réttindi þegar hliðsjón væri tekin af hinu nýja regluverki um persónuvernd. Þetta benti til þess að umrætt samkomulag myndi líklega ekki taka við af reglunum um öruggar hafnir með jafn þægilegum hætti og vonast hafði verið til, en til stendur að framkvæmdastjórnin gefi sitt álit á samkomulaginu á þessu ári.

## Eftirlit með starfsmönnum

Í næsta erindi var skipt um gir, en í því stiklaði Hjördís Halldórsdóttir, hrl. hjá LOGOS, á stóru um eftirlit með starfsmönnum og skyldur fyrirtækja í því sambandi. Hjördís nefndi í upphafi mikilvægi þess að settar væru reglur um það hvernig eftirlitinu væri háttað og að vinnuveitandi skoðaði ekki einkapóst starfsmanna nema brýna nauðsyn bæri til. Hins vegar mætti ekki líta framhjá því að um væri að ræða samspil reglna af ýmsum réttarsviðum, m.a. stjórnunarrétt vinnuveitenda, einkalífsvernd og tjáningarfrelsi.

Hjördís fjallaði í þessu sambandi um dóm Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Bărbulescu gegn Rúmeníu. Þar voru málavextir þeir að kærandi hafði verið rekinn úr starfi hjá einkafyrirtæki fyrir að hafa brotið gegn starfsreglum sem bönnuðu starfsmönnum að nota tölvur þess og síma til einkanota. Kærandi hafði stofnað aðgang að Yahoo-spjalli að beiðni vinnuveitanda síns til að sinna vinnu, en síðar notað aðganginn til einkasamskipta. Þau samskipti las vinnuveitandinn og lagði

fram sem sönnunargögn í dómsmáli gegn kæranda.

Til skoðunar var hvort að atvik málsins ættu undir 8. gr. Mannréttinda-sáttamála Evrópu um friðhelgi einkalífs og fjölskyldu og hvort að um brot á því ákvæði hefði verið að ræða. MDE taldi að með hliðsjón af aðstæðum væri ljóst að 1. mgr. 8. gr. Sáttmálans ætti við en að ríkið hefði ekki brotið gegn ákvæðinu.

Landsdómstólar höfðu talið að ráðstafanir vinnuveitandans væru innan löglegs agavalds og að skoðun á spjallinu hefði verið innan marka laga þar sem vinnuveitandinn fór þar inn í þeirri trú að þar væri einungis að finna skilaboð tengd störfum starfsmannsins. MDE féllst á þetta mat, enda hefði notkun upplýsinganna í dómsmálinu takmarkast við að sýna fram á agabrot. Var ekki talið ósann-gjarnt að vinnuveitendur vildu ganga úr skugga um að starfsmenn sinntu starfsskyldum sínum.

Hjördís kvaðst telja að rétturinn til einkalífs væri ekki algildur. Ekki sé um að ræða réttindi sem séu jafn ákveðin og skilgreind þegar um einkaaðila er að ræða með sama hætti og þegar ríkisvaldið á í hlut. Í síðarnefnda tilvikinu eigi að sjálfsögðu að gæta einkalífsréttar og skerða hann ekki að ástæðulausu.

## Áhugaverðar umræður frá mismunandi sjónarhorni

Málstofan um persónuvernd var vel sótt. Erindi framsögumanna voru markviss og afar fróðleg og Helga Þórisdóttir, forstjóri Persónuverndar, stjórnaði umræðum af röggsemi. Einkum fannst greinarhöfundur áhuga-vert að heyra sjónarmið eftirlitsaðilans annars vegar og fulltrúa fyrirtækis hins vegar á hinu nýja regluverki sem fyrir dyrum stendur að innleiða.

*Eva Halldórsdóttir hdl.*



Tryggvi Gunnarsson.



F.v. Rún Knútsdóttir, Lárus M.K. Ólafsson og Hafsteinn Dan Kristjánsson.

## Málstofa:

# Eftirlitshlutverk stjórnvalda

UNDANFARIN ÁR HEFUR eftirlit fengið meira vægi í starfsemi stjórnslu hér á landi en í kjölfar bankahrunsins þótti rík ástæða til að setja skýrari reglur um eftirlitsheimildir stjórnvalda eins og m.a. má sjá stað í nýlegum lögum um Stjórnarráð Íslands nr. 115/2011. Nýjum sjálfstæðum eftirlitsstofnunum hefur verið komið á fót, auk kærú- og úrskurðarnefnda, og aukin áhersla hefur verið lögð á eftirlit í starfi stofnana og ráðuneyta.

Á lagadeginum í ár var fjallað um eftirlitshlutverk stjórnvalda og þá einkum með hliðsjón af því hverjar skyldur stjórnvalda til að sinna eftirliti séu og hvernig haga beri málsmeðferð í málum af þessu tagi með tilliti til reglna stjórnsluréttarins. Málstofunni stýrði Ragnhildur Arnljótsdóttir, ráðuneytisstjóri í forsætisráðuneytinu. Framsögumenn voru Tryggvi Gunnarsson, umboðsmaður Alþingis, Hafsteinn Dan Kristjánsson, aðstoðarmaður umboðsmanns Alþingis, Lárus M.K. Ólafsson, hdl. hjá Samtökum verslunar og þjónustu og Rún Knútsdóttir, lögfræðingur í velferðarráðuneytinu.

## Tvíþætt eðli eftirlits

Fyrstur tók til máls Tryggvi Gunnarsson og varpaði fram spurningum um

hvort framkvæmd laga og reglna um eftirlit væri framfylgt á fullnægjandi hátt og hvort starfshættir innan stjórnslunnar að þessu leyti væru nægilega vandaðir. Að hans mati væri þessum atriðum ábótavant og skortur á fjármagni og aðbúnaði gætu þar haft áhrif og ákvarðanir innan stjórnslunnar væru því ekki teknar með nægjanlega ígrunduðum hætti.

Tryggvi fjallaði um tvíþætt eðli eftirlits í starfi stjórnvalda sem beinist annars vegar að borgurunum og athöfnum þeirra og hins vegar að starfsemi stjórnslunnar og málaflokknum almennt. Undanfarin ár hefðu áherslur um eftirlitshlutverk stjórnvalda breyst og mætti einkum rekja það til breytinga á opinberri starfsemi og aukinnar einkavæðingar. Í kjölfarið hefðu orðið til ný verkefni í stjórnslu en svo hefði lögleiðing EES-samningsins árið 1993 einnig haft áhrif. Þá hefðu löggjafarhættir breyst þannig að reglur væru almennari en áður og reglurvæðing minni, sem hefði í för með sér auknar og víðtækari eftirlitsheimildir stjórnvalda.

Tryggvi áréttaði næst skyldu stjórnvalda til gæta að réttindum þeirra sem þau hefðu eftirlit með og að hið opinbera og einkaaðilar fylgdu lögum og reglum. Réttindi borgaranna væru

nú betur tryggð en áður með tilkomu mannréttindakafla stjórnarskrárinnar og lögleiðingu EES-samningsins en ekki alltaf vel útfærð eða skýrð í almennum lögum. Eftirlitshlutverki stjórnvalda væri ætlað að gæta þess borgararnir nytu þessara réttinda og að framkvæmd þeirra væri í samræmi við lög, t.a.m. í málaflokkum á sviði heilbrigðisþjónustu og félagslegrar aðstoðar. Jákvæð áhrif aukins eftirlits af hálfu stjórnslunnar væri til þess fallið að stuðla að meira réttaröryggi borgaranna gagnvart stjórnslunni. Neikvæð áhrif væru þau að stjórnvöld hefðu fengið auknar heimildir til að grípa inn í líf og hagsmuni borgaranna.

Tilhneiging stjórnvalda væri sú að afmarka eftirlit sitt þröngt en þeir aðilar sem færu með eftirlitið væru t.a.m. ráðherra og ráðuneyti, sjálfstæðar eftirlitsstofnanir og sjálfstæðar úrskurðar- og kæruneindir. Tryggja þyrfti nauðsynlega þekkingu á viðfangsefninu og stjórnslureglum sem það snertu hjá stjórnvöldum. Þá skorti oft á leiðbeiningar af hálfu eftirlitsaðila til viðkomandi stjórnvalds. Sem dæmi um víðtækar heimildir til eftirlits, og afskipta af undirstofnunum og ákveðnum málefna sviðum, tók Tryggvi 13. gr. laga nr. 115/2011 um Stjórnarráð Íslands en þar er mælt fyrir



um eftirlit ráðherra með starfrækslu undirstofnana, sjálfstæðra stofnana og nefnda sem heyra undir ráðherra.

Næst vék Tryggvi að störfum sjálfstæðra úrskurðar- og kæruneftnda en að undanfögnu hafa verkefni í auknum mæli verið flutt til slíkra nefnda frá ráðuneytum. Nefndirnar hefðu tilhneigingu til að nálgast viðfangsefni eins og dómstólar og sinntu því oft ekki nægjanlega því frumkvæði sem stjórnvöldum bæri að viðhafa við meðferð máls og rannsókn sem aftur bitnaði á rétti hins almenna borgara. Tryggvi benti á að ein afleiðing þess að færa slík mál frá ráðuneytum til sjálfstæðra úrskurðarneftnda væri að almennt eftirlit með daglegri framkvæmd hjá hinum lægra settu stjórnvöldum yrði ekki eins virkt og yfirsýn ráðuneytanna yfir framkvæmd viðkomandi mála-

flokka yrði minni. Tryggvi lýsti efasemdum um að rétt væri að fara þá leið að vísa verkefnum af þessu tagi til sjálfstæðra úrskurðarneftnda í jafn miklum mæli og gert hefði verið hér á landi. Réttara væri að þessi verkefni væru í ráðuneytunum. Að endingu áréttaði Tryggvi að nauðsynlegt væri að eftirlit stjórnvalda væri til staðar og megin viðfangsefni þess væri að gæta þess að borgararnir fengju þau réttindi og þjónustu sem Alþingi hefði ákveðið að þeir skyldu njóta, bæði um efni réttindanna og málsmeðferð.

### Málsmeðferðarreglur stjórn-sýsluréttarins

Hafsteinn Dan Kristjánsson fjallaði um málsmeðferðarreglur stjórn-sýsluréttarins og hvernig þær horfa við eftirlitsskyldum stjórnvöldum.

Hafsteinn rakti feril tilbúins stjórn-sýslumáls allt frá því tímamarki er mál hefst og þar til því lýkur með kæru til úrskurðarneftndar sem ýmist staðfestir stjórnvaldsákvörðun eða vísar henni heim. Misjafnt getur verið á hvaða tímamarki stjórn-sýslumál byrja eftir því hvort borgari sendir stjórnvaldi erindi eða hvort stjórnvald hefur stjórn-sýslumál að eigin frumkvæði. Þá fjallaði hann um reglur stjórn-sýslulaga nr. 37/1993 um tilkynningarskyldu stjórnvalds, reglur um rétt aðila að gögnum máls og um skráningu og varðveislu gagna hjá stjórnvöldum. Þá ræddi Hafsteinn um hver geti talist vera aðili stjórn-sýslumáls og áréttaði helstu meginreglur laganna um leiðbeiningarskyldu stjórnvalds, rannsóknarskyldu, meðalhóf, andmælarétt aðila og rétt hans til rökstuðnings stjórnvaldsákvörðunar.



## ÞÚ ÁTT GOTT SKILIÐ

- 1/3 í séreign sem þú getur tekið út 60 ára
- Val um 6 ávöxtunarleiðir
- Eingöngu sjóðfélagar í stjórn
- Besti lífeyrissjóður í Evrópu í löndum með færri en milljón íbúa samkvæmt fagtímaritinu IPE

Veldu Almenna lífeyrissjóðinn



Málstofan um eftirlitshlutverk stjórnvalda var vinsæl.

Eftirlitsskyld stjórnvöld starfa oft á mjög sérhæfðum sviðum þar sem lagagrundvöllur er flókinn, óskýr og/eða matskenndur. Eftirlitsskyldir aðilar vilja því oft fá leiðbeiningar fyrirfram í stað þess að fá ákvarðanir eftir á. Þar sem stjórnvöld verði að gæta að hæfi sínu og hlutleysi beri þeim að láta hinum eftirlitsskylda aðila í té almennar upplýsingar sem tengist tilviki hans en stjórnvöld taki ekki afstöðu í málinu fyrirfram. Þá benti Hafsteinn á að í þeim tilvikum þegar lög fjalli um eftirlit og úrræði stjórnvalds með eftirlitsskyldum aðila, en gefi borgara ekki færi á að kvarta yfir slíkum aðila, þá sé staðan sú að sá sem kvarti eða komi með ábendingu til stjórnvalds, teljist ekki aðili málsins. Sem dæmi nefndi Hafsteinn að borgari sé ekki aðili að starfsmannamáli sem rekið er á milli stjórnvalds og opinbers starfsmanns. Af því leiðir að stjórnvöld gilda

ekki og einstaklingurinn telst því ekki aðili að stjórnvöldum málinu og beinlínis geti verið óheimilt að veita þagnarskyldar upplýsingar til hans. Að endingu vék Hafsteinn að þeim álitafnum þegar stjórnvald hefur fengið heimildir til að beita borgarana stjórnvölduviðurlögum eins og til að mynda stjórnvöldusektum.

### Frá sjónarhorni atvinnulífsins

Yfir 230 fyrirtæki eiga aðild að Samtökum verslunar og þjónustu og hafi ýmsir aðilar víðtækt opinbert eftirlit með þeim. Lárus M. K. Ólafsson vék í erindi sínu að því hver þörf atvinnulífsins væri á eftirliti af hálfu stjórnvalda og hvort framkvæmd eftirlits væri viðunandi. Skortur væri á samráði við hagsmunaaðila þegar reglur eru settar, sem gerir að verkum að hið opinbera kynnir sér ekki nægilega vel sérhæfða starfsemi fyrirtækja. Því verða lög og reglugerðir, sem fyrirtækjum ber að fara eftir, oft of flókin og óljós. Að mati Lárusar ætti að vera ríkari krafa um samráð stjórnvalda við atvinnulífið en fyrirtækjum gengi oft illa að fá svar frá stjórnvöldum. Mikilvægt sé að forsvarsmenn fyrirtækja fái leiðbeiningar frá eftirlitsaðilum um hvaða skyldur hvíli á hinum fyrrnefndu án þess að litið verði á það sem einhvers

konar viðurkenningu á ætluðu broti.

Lárus áréttaði mikilvægi þess að eftirlitsaðilar gættu betur að málshraðareglu stjórnvöldu réttar án þess þó að bitnaði á rannsóknarskyldu þeirra en óhófleg töl á afgreiðslu mála getur haft í för með sér verulegt fjárhagstjón fyrirtækja. Þá skipti máli að tryggja samræmi í störfum eftirlitsaðila og við túlkun laga og reglna, til dæmis með því að innleiða gæðahandbækur og setja skriflega verkferla. Enn fremur sé nauðsynlegt að tryggja að valdmörk stjórnvalda séu virt en fyrirtæki hafi kvartað yfir því að þau séu oft óljós. Að endingu vék Lárus að því að ákveðið vantraust ríki oft hjá fyrirtækjum í garð eftirlitsaðila og að þeir fyrrnefndu telji hina síðarnefndu vinna gegn þeim. Að sama skapi veigri forsvarsmenn fyrirtækja sér við að gagnrýna störf eftirlitsaðila af ótta við að kalla yfir sig hardari viðbrögð þeirra. Gagnrýni væri mikilvægt aðhald fyrir báða aðila og störf eftirlitsaðila ekki hafin yfir allan vafa.

### Frá sjónarhorni ráðuneytis

Rún Knútsdóttir fór yfir eftirlitsheimildir- og skyldur ráðherra í lögum nr. 115/2011 um Stjórnarráð Íslands og einstakar eftirlitsheimildir ráðherra í ýmsum lögum, eins og t.a.m. í







lögum um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992. Ekki sé alltaf skýrt í lögum hvert markmið með eftirlitsskyldum ráðherra sé en að það geti meðal annars falist í lögmætiseftirliti, (þ.e. að stjórnvaldsákvarðanir séu teknar í samræmi við lög), eftirliti með setningu reglna og eftirliti með því að setning staðla og viðmiða stjórnvalds sé nægilega vönduð. Þá geti skyldur ráðherra jafnframt verið fólgnar í eftirliti með því að starfsemi stjórnvalds sé í samræmi við lög og að lögboðin þjónusta sé veitt og enn fremur komið fram í álitum, tilmælum, leiðbeiningum og tillögum til úrbóta af hálfu ráðherra til viðkomandi stjórnvalds.

Þá vék Rún að því hvernig eftirlitsheimildum hefur á undanförunum árum í auknum mæli verið skipt á hendur fleiri aðila, svo sem úrskurðarnefnda

og eftirlitsstofnana. Sérfræðipekking verði þá oft eftir í undirstofnununum og á sama tíma verði heimildir ráðherra óskýrari og oft óljóst undir hvaða aðila mál heyri. Þá sé valdsvið úrskurðarnefnda mismunandi. Í lögum séu þannig iðulega lagðar ríkar eftirlitsskyldur á ráðherra og ráðuneyti en úrræði til að fylgja þeim eftir séu þá oft færri. Þá gæti nokkurs ósamræmis í lagasetningu varðandi þetta atriði. Í lokin rakti Rún hvaða heimildir og úrræði ráðherra þurfi að hafa til að geta sinnt eftirlitshlutverki sínu. Nauðsynlegt sé að í ráðuneyti sé til staðar sérfræðipekking sem og heimildir til að skera úr um rétt aðila máls almennt og í einstaka málum. Þá þurfa einnig að vera fyrir hendi heimildir til að taka á því þegar stofnanir og sveitarfélög sinna ekki

skyldum sínum og heimildir til að setja bindandi fyrirsmæli, svo sem á grundvelli yfirstjórnunarheimilda eða með reglugerðum.

## Í lokin

Málstofunni lauk á hefðbundinn hátt með því að opnað var fyrir spurningar úr sal. Tryggvi lýsti þeirri skoðun sinni að hann teldi best fara á því að leggja niður sjálfstæðar úrskurðarnefndir og Rún ræddi þá hugmynd að stofna sérstakan stjórnsludómstól hér á landi að erlendri fyrirmynd. Málstofunni lauk skömmu eftir auglýstan fundartíma eftir fróðlegar umræður.

*Þórbildur Línadal aðstoðarmaður dómara.*

## Ásar – þýðingar og túlkun slf

Eftirfarandi þýðendur og túlkar starfa innan vébanda

*Ása – þýðinga og túlkunar slf:*

Ellen Ingvadóttir, löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi

Bjarni Gunnarsson, löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi

Niels Rask Vendelbjerg, löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi

Jóhann Guðnason, löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi

Matthías M. Kristiansen, þýðandi

Daniel D. Teague, skjalapýðandi

Gísli S. Ásgeirsson, þýðandi

Almennar og löggiltar þýðingar, dóm- og ráðstefnutúlkun, textaráðgjöf.

Aðili að rammamningi Ríkiskaupa (RK-14.10).

*Ásar – þýðingar og túlkun slf » Skipholti 50b » sími: 562-6588 » netf: ellening@simnet.is*



Jón Finnbjörnsson, Ólafur Örn Svansson, Kristín Haraldsdóttir og Valgeir Pálsson.



Eiríkur Jónsson stjórnaði málstofunni af röggsemi.

## Rökstólar:

# Er breytinga þörf á skaðabótalögum?

RÖKSTÓLUNUM UM HVORT þörf er breytinga á skaðabótalögum var stjórnað af Eiríki Jónssyni, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands en þátttakendur í pallborði voru Jón Finnbjörnsson, héraðsdómari, Ólafur Örn Svansson, hrl. hjá Forum lög-mönnum, Valgeir Pálsson, forstöðumaður lögfræðideildar TM, og Kristín Haraldsdóttir, lögfræðilegur aðstoðar-maður innanríkisráðherra.

## Er breytinga þörf?

Eiríkur fór í upphafi stuttlega yfir forsögu núgildandi skaðabótalaga nr. 50/1993. Sú gagnrýni, sem kom fram við setningu þeirra, leiddi til verulegra breytinga með lögum nr. 42/1996 og 37/1999. Frá þeim tíma hefur hins vegar farið lítið fyrir breytingum á skaðabótalögum þrátt fyrir að mikil þörf hafi verið á því. Upp á síðkastið hefur skapast umræða um lögin og nauðsyn þess að ráðast í endurskoðun þeirra.

Rökstólarnir fóru þannig fram að Eiríkur varpaði fram tilteknum efnisatriðum í löggjöfinni sem hafa komið til umræðu upp á síðkastið og þátttakendur í pallborði lýstu skoðunum sínum á þeim.

## Margfeldistuðull og launaviðmið

Margfeldistuðull 6. gr. laganna hefur staðið óbreyttur frá setningu breytinga-laganna nr. 37/1999 og spurði Eiríkur hvort breyting hefði orðið á undirliggjandi forsendum stuðulsins. Kristín Haraldsdóttir svaraði því til að ákveðnar forsendur, sem liggja til grundvallar, hefðu breyst og nefndi sem dæmi að fjármagnstekjuskattur hefði verið 10% en væri nú 20%. Þá væri byggt á gömlum tölum um dánarlíkur og það væri spurning hvort forsenda varðandi afvöxtun væri rétt. Taldi Kristín löngu tímabært að fara yfir þessar forsendur og ætti að geta verið góð sátt um slíkar breytingar. Mögulegt væri að hafa undirliggjandi forsendur í sjálfum lagatextanum en stuðullinn yrði síðan útfærður í reglugerð. Með því væri einfaldara að endurskoða stuðullinn og tryggja sátt um hann á hverjum tíma. Valgeir Pálsson og Ólafur Örn Svansson tóku undir þetta og var meðal annars vísað til þess að markmið skaðabótalaga væri að tjónþoli skuli fá tjón sitt bætt að fullu og því væri nauðsynlegt að gera breytingar á lögum til að þessu markmiði sé náð.

Eiríkur sagði að lágmarkslauna-

viðmið, samkvæmt 3. mgr. 7. gr. laganna, væri eitt af stóru atriðunum í breytingum laganna. Í upphafi hafi menn horft til meðaltekna landverka-fólks hjá ASÍ en í meðförum þings hafi slíkar meðaltekjur verið færðar niður um 15% án nánari skýringa. Ólafur Örn taldi nauðsynlegt að færa lágmarksfjárhæðina upp í raun-veruleg lágmarkslaun landverka-fólks auk þess sem miða ætti við launavísitölu en ekki lánskjaravísitölu við verðtryggingu þeirra. Dæmi sem Ólafur Örn nefndi sýndi að það munaði mörgum milljónum króna eftir því hvor vísitalan væri lögð til grundvallar. Aðrir þátttakendur í pallborðinu voru sammála um að nauðsynlegt væri að breyta þessu og að lágmarkstala 3. mgr. 7. gr. ætti að fylgja launaþróun.

Varðandi námsmenn þá þyrftu einnig að koma til breytingar á beitingu 2. mgr. 7. gr. laganna um það hvenær námslok eru fyrirsjáanleg en Hæstiréttur hefur verið nokkuð strangur í túlkun sinni á ákvæðinu og miðað við að viðkomandi hafi þurft að vera kominn nálægt námslokum til að þau verði talin vera fyrirsjáanleg. Hafi þetta orðið til þess að mjög stór hópur tjónþola er felldur undir lágmarkslaunaviðmiðið. Jón



Finnbjörnsson bætti við að hann teldi rangt að beita lágmarkslaunaviðmiðinu í þeim tilvikum þegar tjónþolar eru börn og ungmenni. Meiri sanngirni væri fólgin í því að taka mið af meðaltekjum í slíkum tilvikum. Þátttakendur voru sammála um að þessu þyrfti að breyta en slíkar breytingar gætu aðeins komið frá löggjafanum ellegar með breytingum á fordæmum Hæstaréttar. Ef sátt væri um slíkar breytingar þá hlýti það að vera hlutverk löggjafans að taka af skarið.

Varðandi hámarksviðmið 4. mgr. 7. gr. laganna þá taldi Ólafur Örn að slíkt ákvæði væri tímaskekkja. Hann taldi óeðlilegt að tjón viðkomandi skuli takmarkast við ákveðna fjárhæð. Sömu sjónarmið varðandi verðtryggingu hámarksfjárhæðarinnar ættu hins vegar við, þ.e. að miða skuli við launavísitölu fremur en lánskjaravísitölu.

## Mismikil ánægja með framkvæmd matsgerða

Jón taldi að framkvæmd matsgerða væri í nokkrum ólestri og að það fyrirkomulag sem er í núgildandi lögum hefði mislukkast. Framkvæmd matsgerða væri í höndum allt of margra matsmanna sem leiddi til þess að samræmi væri lítið. Valgeir tók undir þetta og benti meðal annars á að svo virtist sem einstaka

lögmenn væru nánast komnir með eigin trúnaðarlækna til að sinna fyrstu matsgerðum. Hér yrði að koma nýtt allsherjar „apparat“ í stað örorkunefndar sem hefði ekki náð því að verða sá samræmingaraðili sem stefnt var að. Ólafur Örn taldi hins vegar þessi mál hafa verið í ágætum farvegi hvað hann snerti, þ.e. iðulega nýtti hann svokallað sameiginlegt mat, þar sem lögmaður tjónþola tilnefnir annan matsmanninn en viðkomandi tryggingafélag hinn. Hann taldi vissulega mætti styrkja örorkunefnd að einhverju marki en að öðru leyti þyrftu ekki að koma til sérstakar breytingar á þessu fyrirkomulagi.

## Endurupptaka ákvörðunar um bætur

Eiríkur nefndi að heimild 11. gr. laganna til endurupptöku bótaákvörðunar vegna breytinga á heilsu tjónþola væri fremur þröng og sagði að Danir hefðu nýverið breytt sambærilegri endurupptökuheimild þar sem breyting á stöðu og högum tjónþola gæti komið til skoðunar. Ólafur Örn taldi rétt að gera sambærilegar breytingar hér, þ.e. að miða ætti við breytingar sem fram komi á miska eða varanlegri örorku í stað þess að horfa einungis til breytinga á heilsu viðkomandi.

## Fleiri þættir sem þarfnast skoðunar

Ýmis fleiri atriði þóttu þess virði að ræða nánar, s.s. hvort rétt væri að breyta þeirri reglu að bótafjárhæð skuli greidd í einu lagi. Í því sambandi kom til umræðu hvort rétt væri að einhvers konar milliliður sem myndi sjá um að koma greiðslum til tjónþola með reglubundnu millibili.

Þá var rætt hvort rétt væri að hafa sambærilega reglu um lágmark varanlegrar örorku eins og fyrirfinnst í dönsku lögnum. Tímans vegna var hins vegar ekki hægt að fara ítarlega yfir þessar hugleiðingar.

Heilt yfir mátti draga þær niðurstöður af rökstólunum að samhljómur væri um nánar tilgreind atriði laganna sem þörfuðust breytinga, s.s. margfeldisstuðul, vísitölutengingu og árslaunaviðmið. Um önnur atriði væri hins vegar meiri ágreiningur, s.s. um framkvæmd matsgerða. Að lokum var skorað á fulltrúa ráðuneytisins að bregðast við þessum niðurstöðum og fylgja málinu eftir.

*Ingvi Snær Einarsson hdl.*

## Nýjar bækur á bókasafni



### Íslenskar fræðibækur:

Eiríkur Jónsson og Viðar Már Matthíasson: Bótaréttur II - Vátryggingaréttur og bótareglur félagsmálaréttar.  
Sigrún Jóhannesdóttir: Persónuverndarlög - skýringarrit.

### Erlendar fræðibækur

Alberto Santa Maria (ritstj.): Competition and State Aid. An Analysis of the EU Practice, Second Edition.  
Børneloven med kommentarer af Jonna Waage. (2. útg.)  
Frants Dalgaard-Knudsen: Danelaws on Contracts - Principles, practices and law today.

Hans Fogtdal: Børskriminalitet - Straf af insiderhandel og kursmanipulation efter dans ret.

Ligestillingslovene med kommentarer af Agnete L. Andersen, Ruth Nielsen, Kirsten Precht og Christina D. Tvarnø. (7. útg.)

Sven Schelo: Bank Recovery and Resolution.

William A. Schabas: The European Convention on Human Rights - A Commentary.



F.v. Högni S. Kristjánsson og Birgir Ármannsson.



Hafðís Ólafsdóttir og Ólafur Jóhannes Einarsson.



Margrét Einarsdóttir.

## Málstofa:

# EES-samningurinn – Hreyfiafl breytinga?

Í MÁLSTOFU UM EES-samninginn voru flutt góð framsöguerindi, það voru líflegar umræður og hún var vel sótt. Framsögumenn voru Margrét Einarsdóttir, lektor við lagadeild Háskólans í Reykjavík, Ólafur Jóhannes Einarsson, framkvæmdastjóri innri markaðar hjá Eftirlitstofnun EFTA (ESA) og Hafðís Ólafsdóttir, skrifstofustjóri í forsætisráðuneytinu og aðjúnkt við lagadeild Háskóla Íslands. Auk þeirra voru þátttakendur í pallborði Högni S. Kristjánsson, skrifstofustjóri viðskiptaskrifstofu utanríkisráðuneytis og Birgir Ármannsson, alþingismaður. Málstofustjóri var Dóra Sif Tynes, forstöðumaður lagaskrifstofu EFTA.

## Um 10.000 gerðir verið teknar upp í EES-samninginn frá upphafi

Margrét Einarsdóttir fjallaði um upptöku afleiddrar löggjafar í EES-samninginn, þ.e. löggjafar frá Evrópusambandinu sem efnis sínu samkvæmt ætti undir EES-samninginn. Fram kom að um 10.000 ESB-gerðir hefðu verið teknar upp í EES-samninginn frá því hann öðlaðist gildi árið 1994. Til samanburðar voru gerðirnar um

1.800 við gildistöku samningsins en eru um 5.000 í dag. Til að tryggja réttaröryggi og einsleitni EES skal taka upp í samninginn nýja löggjöf ESB eins fljótt og unnt er eftir að hún hefur verið samþykkt á vettvangi ESB, með það að markmiði að unnt sé að beita löggjöfinni samtímis í aðildarríkjum ESB og EFTA-ríkjunum innan EES, þ.e. Íslandi, Liechtenstein og Noregi.

Upptaka afleiddrar löggjafar ESB í EES-samninginn og innleiðing í landsrétt hefur allt frá upphafi verið krefjandi verkefni fyrir íslenska stjórn-sýslu. Það gekk ágætlega fram til ársins 2010 þegar halla tók undan fæti og upptökuvandinn (e. backlog) fór að ágerast. Margrét setti fram þrjár kenningar um ástæður upptökuvandans. Í fyrsta lagi niðurskurður í stjórnsýslunni og forgangsroðun þar. Í öðru lagi samráð við Alþingi sem hefði aukist til muna árið 2010 í kjölfar endurskoðunar reglna Alþingis um þinglega meðferð EES-mála. Það hefði á tímabili tafið ferlið hjá íslenskum stjórnvöldum, en til samanburðar væri mun minna samráð í Noregi við norska Stórþingið. Í þriðja lagi nefndi Margrét nýjar áskoranir fyrir EES-samninginn, s.s. fjölgun álitafna hvort gerðir féllu yfirhöfuð undir gildissvið EES-samningsins vegna blandaðs efnis þeirra og breyttrar

stofnanauppbyggingar hjá ESB, þróunar hjá ESB að framselja vald til stofnana ESB sem gætu tekið bindandi ákvarðarnir gagnvart stjórnvöldum, lögaðilum og einstaklingum, sem samrýmdist illa tveggja stöða kerfi EES-samningsins og gætu jafnframt haft stjórnskipunarleg álitafni í för með sér fyrir Ísland vegna framsals á ríkisvaldi. Einnig var nefnt að reglugerðum færi fjölgandi hjá ESB en tilskipunum fækkandi, sem hefði yfirleitt í för með sér minni tíma fyrir EFTA-ríkin til að taka gerðirnar upp í EES-samninginn.

## Úrræði aðila til að leita réttar síns

Ólafur Jóhannes Einarsson fjallaði um áhrif og þýðingu EES-samningsins fyrir íslenskan rétt. Í máli sínu fjallaði hann m.a. um kjötmálið svokallaða til að sýna fram á úrræði aðila til að leita réttar síns samkvæmt EES-samningnum. Kjötmálið má rekja allt til ársins 2011 þegar ESA barst kvörtun varðandi skilyrði innflutnings á fersku kjöti samkvæmt íslenskum lögum. ESA hóf samningsbrotamál gegn Íslandi og sendi Íslandi áminningarbréf í október 2013 og rökstutt álit í október 2014. Þá gerðist það í apríl 2014 að fyrirtækið Ferskar kjötvörur ehf. stefndi íslenska





ríkinu, þar sem það taldi höfnun íslenska ríkisins á umsókn um leyfi til innflutnings á fersku kjöti brjóta í bága við íslensk lög og EES-rétt. Í málinu krafðist fyrirtækið skaðabóta sem næmu kaupverði vörunnar, auk flutningskostnaðar. Í meðferð málsins fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur beindi dómurinn nokkrum spurningum til EFTA-dómstólsins sem kvað upp dóm með ráðgefandi álitni hinn 1. febrúar 2016. Þar var komist að þeirri niðurstöðu að íslensk lög væru í andstöðu við EES-rétt. Aðalmeðferð málsins fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur er ráðgerð haustið 2016. Ólafur Jóhannes velti upp hugsanlegri skaðabótaskyldu ríkisins í kjölfar kjötmálsins, fór yfir skilyrði skaðabóta-ábyrgðar og hinni þinglegu meðferð innleiðingarlöggjafarinnar.

Ólafur Jóhannes vék einnig að meginreglunni um samræmda EES-túlkun sem felur í sér skyldu landsdómstóla til að túlka ákvæði landsréttar með hliðsjón af orðalagi og markmiði tilskipunar eftir því sem kostur er, þannig að niðurstöðu sem stefnt væri að með tilskipuninni væri náð. Fram kom að til að tryggja einsleitni innri markaðarins væri mikilvægt að túlka og beita EES-rétti á samræmdan hátt í öllum EES-ríkjunum og beita skyldi viðurkenndum lögskýringaraðferðum landsréttar, en meginreglan hefði einnig takmörk sem voru rakín. Sem dæmi um samræmda túlkun á hugtökum EES-réttar var tekið hugtakið „markaðsmisnotkun“ sem væri samræmt á evrópska vísu með tilskipun 2003/6/EB um innherjaviðskipti og markaðsmisnotkun

(markaðssvik). Í markaðsmisnotkunarmálum hefði Hæstiréttur beitt lagaákvæðum sem innleiða efni tilskipunarinnar. Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 842/2014 (Landsbanki Íslands) væri sérstaklega vikið að skýringu íslenskra lagaákvæða varðandi markaðsmisnotkun til samræmis við ákvæði tilskipunarinnar.

## Stýrihópur um EES-samninginn

Hafdís Ólafsdóttir gerði í máli sínu grein fyrir stýrihópi um framkvæmd EES-samningsins, undir forystu forsætisráðuneytis með þátttöku ráðuneyta og skrifstofu Alþingis sem komið var á fót með Evrópustefnu ríkisstjórnarinnar frá 11. mars 2014. Meginhlutverk stýrihópsins er að leita leiða til að auka skilvirkni og efla gæslu íslenskra hagsmuna í EES-starfi stjórnvalda. Greint var frá efni og tillögum í áfangaskýrslu frá desember 2015, sem skilað var til forsætisráðherra og kynnt í ríkisstjórn í janúar 2016, og er aðgengileg á heimasíðu forsætisráðuneytis.

Í skýrslunni kemur fram að meginþunginn í vinnu stjórnvalda væri við innleiðingu laga og reglna, en síður við að fylgjast með þegar reglurnar væru samdar á vettvangi ESB. Þessu þyrfti að breyta, bæði til þess að hafa aukin áhrif og til þess að innleiðing gengi betur í kjölfarið og innan settra tímamarka. Mikilvægt væri að forgangsraða og fylgjast vel með völdum málaflokkum þar sem hagsmunir Íslands væru mestir.

Hafdís greindi frá bakgrunni að

starfi stýrihópsins og mögulegum orsökum á því að innleiðingarhalli hefði safnast upp. Farið var yfir vinnu stýrihópsins, og kynntar helstu niðurstöður og tillögur til lengri og skemmri tíma en hann mun halda áfram störfum.

## Réttindi ekki sjálfgefin

Líflegar umræður spunnust í kjölfar framsöguerinda. Fram kom í máli Birgis Ármannssonar, sem sat í pallborði ásamt Högnna S. Kristjánssyni, að Alþingi vildi geta komið að EES-málum á fyrri stigum eins og það gerir nú. Þróun EES-samningsins hefði átt sér stað án þess að sérstök umræða hefði farið fram um það og væri því tilefni til að taka umræðu um hana án þess að ljúka samstarfinu.

Fram komu skoðanir um að samningurinn væri pólitískt munaðarlaus og að hann ætti sér fáa málsvara meðal stjórn málaflókka og stjórn málamanna þótt hann væri Íslandi mjög mikilvægur. Margir studdu það sjónarmið, sem fram kom í umræðunum, að markaðssetja þyrfti samninginn upp á nýtt. Reglulega þyrfti að minna á að réttindin samkvæmt samningnum fyrir einstaklinga og fyrirtæki væru ekki sjálfgefin, en margir væru farnir að taka þeim sem sjálfsögðum hlut. Þá var ítrekað mikilvægi þess að stjórnvöld og hagsmunasamtök ynnu þétt saman að málefnum tengdum EES-samningnum.

*Jóhanna Bryndís Bjarnadóttir  
lögfræðingur.*



## Örmálstofur

ÖRMÁLSTOFURNAR ERU skemmtileg nýjung við flóru málstofa sem haldnar hafa verið á lagadaginn. Þetta form var fyrst notað á síðasta ári og tókst vel. Tekin eru fyrir fjögur málefni og fær hvert þeirra u.þ.b. hálf tíma umfjöllun. Framsögumaður heldur stutt erindi og svo eru umræður. Örmálstofurnar tókust afar vel en málstofustjóranum Þorbjörgu Sigríði Gunnlaugsdóttur, sviðsstjóra lögfræðisviðs Háskólans á Bifröst, fórst hlutverk sitt einkar vel úr hendi og hélt stemmningunni léttleikandi.

### Uppreist æru

Fyrstur í pontu steig Arnar Þór Jónsson, lektor við lagadeild Háskólans í Reykjavík, og fjallaði um uppreist æru út frá sjónarhorni réttarsögunnar. Arnar Þór fór yfir afar áhugaverða sögu hugtaksins, allt aftur í þjóðveldið og Íslendingasögurnar. Þótt hugtakið sé gamalt, og hagsmunir séu í því að fá upp reista æru sína enn í dag, sköpuðust umræður um hvort slíkt hefði þýðingu í nútímaþjóðfélagi þar

sem allar upplýsingar eru aðgengilegar á netinu og Google gleymir engu.

### Sálfræðiskýrslur og sönnunarmat

Kolbrún Sævarsdóttir, héraðsdómari hjá Héraðsdómi Reykjavíkur, hélt framsögu um sálfræðiskýrslur og sönnunarmat. Kolbrún fjallaði um málsmeðferð í sakamálum þar sem fram eru lögð gögn um miska brotaþola. Í flestum málum liggja fyrir skýrslur meðferðaraðila sem leggja mat á tjónið að þessu leyti. Vangaveltur framsögumannsins, og þeirra sem á hlýddu, sneru að sönnunargildi slíkra gagna. Sammæli var um það meðal fundarmanna að slík vottorð hefðu sönnunargildi en gæði þeirra skipti verulegu máli. Beint var sjónum að því hvort þörf væri að breyta forminu og láta dómkveðja matsmenn til að meta tjón brotaþola og nefndi Kolbrún dæmi þess úr réttarframkvæmd.

### Meðferð mála hælisleitenda

Í þriðju örmálstofunni tók til máls Sigurður Örn Hilmarsson, hdl. hjá



Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir.

Rétti, og fjallaði um meðferð mála hælisleitenda. Sigurður beindi sjónum fyrst og fremst að málsmeðferð fyrir dómi og taldi að víða væri pottur brotinn í þeim efnum. Sigurður lýsti því að málsmeðferð hælisleitenda á stjórnsýslustigi væri í föstu horfi og fengju aðilar slíks máls löglærðan talsmann hjá Rauða krossinum sér að kostnaðarlausu. Að lokinni slíkri meðferð er ekki um aðra kosti að ræða en að höfða dómsmál vilji menn láta reyna frekar á rétt sinn. Lýsti Sigurður því að frestir væru afar stuttir og gjafsókn að mestu ófáanleg, enda virtist gjafsóknarnefnd hafa tekið þá afstöðu að ekki væri tilefni til slíkra málsókna. Að auki væri aðila málsins venjulega vísað strax úr landi að lokinni málsmeðferð á stjórnsýslustigi og gæti því ekki notið þess réttar





Arnar Þór Jónsson.



Kolbrún Sævarsdóttir.



Sigurður Örn Hilmarsson.



Ragnar Tómas Árnason.

síns að vera viðstaddur málsmeðferð sína fyrir dómi. Var Sigurður á því að réttur fólks í stöðu hælisleitenda til réttlátrar dómsmeðferðar væri fyrir borð borinn. Fundarmenn tóku undir þessa afstöðu Sigurðar og tóku m.a. til máls um málefni gjafsóknarleyfa og var m.a. spurt hvort gjafsóknarnefnd væri millidómstig fátæka fólksins.

### Rétturinn til að gleymast

Að lokum steig í pontu Ragnar Tómas Árnason, hrl. hjá LOGOS, og fjallaði um réttinn til að gleymast. Það var í ágætu framhaldi af lokaorðum Arnars Þórs um uppreist æru því Google gleymir engu og það var einmitt

umfjöllunarefnið. Ragnar fjallaði um dóm Mannréttindadómstóls Evrópu í sk. Costeja máli þar sem leitað var forúrskurðar um það álitafni hvort einstaklingur gæti átt rétt á því að þurrka út úr leitarvél persónuupplýsingar um sjálfan sig sem komnar eru frá þriðja aðila. Niðurstaða dómstólsins var í stuttu máli sú að rétturinn til að gleymast er til staðar. Niðurstaðan grundvallast á þeirri mikilvægu meginreglu að einstaklingur hafi forráð yfir eigin persónu og mynd, en ekki síst æru. Gagnrýnin felst að sama skapi á grundvallarréttindum og var varpað fram spurningum eins og hvort

verið væri að hefta tjáningarfrelsi eða viðhafa ritskoðun á internetinu. Ragnar Tómas upplýsti jafnframt að í kjölfar dómsins hefði Google sett upp kerfi þar sem hægt væri að sækja um að upplýsingar um viðkomandi verði teknar úr leitarvél þeirra. Þegar síðast fregnaðist lágu fyrir um 270 umsóknir frá Íslendingum um slíkt. Var góður rómur gerður að erindi Ragnars og drifu fundarmenn sig út í síðdegið til að googla sjálfan sig og eftir atvikum, undirbúa kröfu um að fjarlægðar verði upplýsingar.

*Þyri Steingrimsdóttir hrl.*

FORVINNSLA

PRENTUN

FRÁGANGUR

**Litlaprent**  
Stór verk litíð mál

**MIDAPRENT**  
Flestar gerðir limmiða

Litlaprent ehf.  
Skemmuvegi 4 | 200 Kópavogi  
Sími 540 1800 | litaprent@litaprent.is

Miðaprent ehf.  
Skemmuvegi 4 | 200 Kópavogi  
Sími 540 1818 | midaprent@midaprent.is



## Mörkin lögmannsstofa hf.

Suðurlandsbraut 4, 3. hæð, 108 Reykjavík

Gestur Jónsson hrl.  
Gunnar Jónsson hrl.  
Hörður Felix Harðarson hrl.  
Einar Þór Sverrisson hrl.  
Gísli Guðni Hall hrl.  
Geir Gestsson hrl.  
Almar Þór Möller hdl.  
Hilmar Gunnarsson hdl.  
Ragnar Halldór Hall hrl.

Fulltrúar:  
Anna Þórdís Rafnsdóttir hdl.  
Árni Gestsson hdl.  
Hildur Leifsdóttir hdl.  
Linda Ramdani lögfr.  
Védís Eva Guðmundsdóttir lögfr.

Sími 414 4100 · Fax 414 4101

[www.law.is](http://www.law.is)



F.v. Eiríkur Elís Þorláksson, Sigríður Friðjónsdóttir, Davíð Þór Björgvinsson og Borgar Þór Einarsson.

## Bankahrunsmálstofa

RÖKSTÓLAR UM DÓMA í hrunmálum fór fram að morgni Lagadagsins og voru afar vel sóttir. Borgar Þór Einarsson hrl. hjá Cato lögmonnum var málstofustjóri og lýsti því í byrjun að meginefnið væri gagnrýni lögmannna á dóma í hrunmálum. Slík gagnrýni hefði einkum beinst að þrennu. Í fyrsta lagi að dómstólum, heimfærslu og túlkun refsíákvæða. Refsíákvæði hafi verið túlkuð með ófyrirsjáanlegum hætti og dómstólar hafi jafnvel farið út fyrir ákæruatriði í niðurstöðum sínum. Í öðru lagi hafi gagnrýnin lotið að meðferð rannsóknarmanna og ákærvalds og þær raddir heyrst að ekki hafi verið gætt hlutlægni. Gagnaframlagning ákærvalds hefði verið ófullnægjandi og aðgangur að gögnum fyrir verjendur ekki nægilega tryggður. Í þriðja lagi væri um að ræða gagnrýni á málsmeðferðina og sérstaklega væru athugunarverð atvik eins og hleranir á samtölum lögmannna og sakborninga og að sakborningar væru hleraðir strax eftir handtöku og skýrslutökur.

Borgar beindi þremur grunnspurningum að framsögumönnum:

1. Var dæmt samkvæmt lögunum?
2. Var brotið gegn hlutlægnisskyldu ákæranda og rannsakenda?
3. Var málsmeðferðin í samræmi við kröfur réttarríkisins?

Framsögumenn voru Eiríkur Elís Þorláksson, hrl. og lektor við lagadeild Háskólans í Reykjavík, Sigríður Friðjónsdóttir, ríkissaksóknari og Davíð Þór Björgvinsson, prófessor við lagadeild Háskólans í Kaupmannahöfn og lagadeild Háskóla Íslands en hann er jafnframt fyrirverandi dómari við Mannréttindadómstól Evrópu. Verður hér dregin saman umfjöllun hvers framsögumanns um fyrrgreindrar þrjár spurningar.

### Hrunmál versus Baugsmál

Eiríkur fjallaði um umboðssvik og hugtakið auðgunarásetning sem er skilyrði þess að hægt sé að sakfella fyrir umboðssvik. Til að sanna umboðssvik þarf að sanna misnotkun á aðstöðu sem viðkomandi hefur fengið í umboði annarra. Að því leyti verði að horfa til þess hvort reglur hafi verið brotnar, t.d. innri reglur bankaanna. Þetta hafi Hæstiréttur gert í þeim málum þar sem sakfellt hefur verið fyrir umboðssvik. Eiríkur gagnrýndi niðurstöðu í hinu svokallaða Ímon máli þar sem Hæstiréttur fer yfir það í forsendum sínum að ákærðu hafi ekki farið út fyrir slíkar reglur, en að líta beri til annarra reglna, óskráðra eða skráðra. Á því byggji sakfellingin sem Eiríkur gagnrýndi harðlega. Eiríkur fjallaði jafnframt um auðgunarásetninginn og hugtakið fjárfjónsáhættu sem væri þekkt tilslökun varðandi sönnun auðgunarásetnings. Hann taldi gagnrýnivert að ekki hefði

verið tekið tillit til þess að á þeim tíma sem atvik gerðust var almennt mikil fjárfjónshætta, miðað við ástand á fjármálamörkuðum. Spurningin hefði þurft að vera hvort hún hafi aukist með ráðstöfunum sakbornings eða ekki. Eiríkur sagði að áhugavert væri að bera saman niðurstöður hrunmála og svo Baugsmálsins. Á þeim væri t.d. sláandi munur á kröfum varðandi ákæruskjalið sjálft og orðun ákæruatriða. Það var álit Eiríks að miklar kröfur hefðu verið gerðar í Baugsmálinu en litlar í hrunmálum og tók mál Baldurs Guðlaugssonar sem dæmi.

Eiríkur sig ekki hafa forsendur til að segja að ákærvaldið hefði brotið gegn hlutlægnisskyldunni en vissulega væri sýnileg togstreita milli ákærvaldsins og verjendanna í hrunmálum enda teldu verjendur ákærvaldið oft vera á gráu svæði hvað þetta varðar.

### Hlustun leyfð í 100% tilvika

Eiríkur rakti ákvæði hegningarlaga sem heimilar hlustun en það takmarkast við brot er varðar átta ára fangelsi eða meira, nema ríkir almanna- eða einkahagsmunir séu fyrir hendi en þá undanþágu verði að túlka þröngt. Hrunmálin varða mest sex ára fangelsi þannig að heimildir til hlustana virðast í öllum tilvikum byggja á undanþágunni. Eiríkur sagði það áhugavert, og í raun ótrúlegt, að frá árunum 2009 til 2012 hafi sérstakur saksóknari óskað eftir, og fengið, úrskurði um





Borgar Pór Einarsson



hlustun í 116 málum. Það sé ótrúlegt til þess að vita að undanþáguheimild sé notuð í 100% tilvika.

## Túlkun refsíákvæða og þróun réttarins

Sigríður Friðjónsdóttir ríkissaksóknari benti á að löggin væru mannanna verk og aldrei væri hægt að sjá fyrir allt sem mögulega myndi reyna á. Dómstólar hefðu m.a. það hlutverk að þróa réttinn og ákærvaldið og verjendur einnig. Ætti það jafnt við í viðskiptalífi og kynlífi og nefndi dæmi um túlkun hugtaksins „önnur kynferðismök“ í kynferðisbrotakafla hegningarlaga. Sú skilgreining hefði þróast verulega í réttarframkvæmd vegna þess að ákærvaldið hefði farið með mál fyrir dómstóla til að láta reyna á túlkunina. Það væri réttmætt enda gæti þróun réttarins ekki átt sér stað öðruvísi. Hið sama ætti við um hrunmálin og túlkun refsíákvæða t.d. varðandi umboðssvik, fjárfjónsáhættu og stig ásetnings. Allt væru þetta túlkunaratriði dómsins enda lögfræðileg úrlausnarefni. Sigríður andmælti afstöðu Eiríks varðandi mál Baldurs Guðlaugssonar enda hefði þar alls ekki verið farið út fyrir efnislýsingu ákærunnar.

## Ákærvaldið líti í eigin barm

Varðandi hlutlægnisskylduna þá taldi Sigríður að þar væri um að ræða já og nei spurningu sem hún að sjálf sögðu svaraði neitandi. Engu að síður taldi hún að ákærvaldið yrði að líta í eigin barm varðandi aðgang að gögnum fyrir verjendur og nefndi dæmi um

mál þar sem rétt gögn skiluðu sér ekki inn í dómsmálið og þar með ekki til verjenda. Leitarforsendur hafi ekki verið rétt skilgreindar og jafnvel mætti segja að um handvömm hafi verið að ræða. Úr þessu hafi svo verið bætt við rekstur málsins eftir að verjendur fengu aðgang að gögnunum og frekari leit skilaði gögnum sem leiddu til sýknu. Sigríður tók fram að ávallt væri verið að reyna að gera eins vel og hægt er og ábyrgð ákærvalds væri mikil sem allir sem þar ynnu legðu sig fram um að standa undir.

Um meðferð mála og hlustunar þá taldi Sigríður að það hefði verið ákaflega heppilegt ef einhver úrskurðanna um hlustun hefði verið vísað til Hæstaréttar. Þörf sé á frekari skoðun á heimildunum en nú liggi fyrir frumvarp um breytingu hvað þetta varðaði og hugmyndin sú að hlustunarþoli fái verjanda.

## Frá sjónarhóli MDE

Davíð Þór Björgvinsson tók þann þól í hæðina að svara spurningum útrá sjónarhóli Mwannréttindadómstóls Evrópu (MDE), ef svo mætti segja, og hvort sjónarmið mannréttinda-sáttmálans (MSE) hefðu verið virt. Hann nefndi dæmi um frægt innherjasvikamál frá Frakklandi þar sem sakfelling taldist byggja á fremur óvæntri og nýrri túlkun refsíheimilda. Það var þó engu að síður talið heimilt af MDE en í dóminum hafi verið ítarlega farið yfir hvernig sé rétt að nálgast slík álitaefni. Davíð benti jafnframt á að MDE endurskoði ekki túlkun

landsdómstóla á lögum viðkomandi lands, hann hafi enga heimild til þess.

Um hlutlægnisskylduna benti Davíð á að ekkert væri um slíkt í MSE, en mögulega gætu slík sjónarmið fallið undir 6. gr. MSE. Hann tók fram að varla væri til sá dómur frá MDE þar sem fjallað væri um þetta.

Varðandi málsmeðferðina og gögn sem aflað er með hlustun velti Davíð fyrir sér hvort nota mætti slík gögn ef hlustunin teldist ólögumæt, þ.e. væri þá um að ræða réttláta málsmeðferð í skilningi MSE? Dómaframkvæmdin hjá MDE hefur verið þannig að það sé einvörðungu ef sönnunargagna er aflað í andstöðu við 3. gr. sáttmálans – þ.e. með pyntingum eða ómannúðlegri aðferð – sem komi til greina að lýsa málsmeðferðina andstæða 6.gr. og ekki væri byggjandi á slíkum gögnum.

Varðandi hlustun á símtölum sakborninga og verjanda þá taldi Davíð slíkt forkastanlegt ef rétt væri. Ef ákærvaldið notaði til sakfellingis upplýsingar, sem aflað væri í samtölum milli verjenda og sakborninga eftir að hann fengi slíka stöðu, væri verið að ganga gegn rétti manns til að ráðgast við sinn lögmann.

## Í lokin

Að lokum tóku til máls Gestur Jónsson, Jón Steinar Gunnlaugsson, Ragnar H Hall og Helgi Sigurðsson og tjáðu sig um niðurstöður hrunmála af nokkrum þunga.

*Þyri Steingrimsdóttir brl.*



1975 | Bílabúð Benna | 2015



*e-hybrid*

\*Ríkulegur staðalbúnaður: \*8 girá sjálfskipting með skiptingu í stýri, Porsche ferðahleðslustöð, leðurinnrétting, rafdrifin þægindasæti fyrir bílstjóra og farþega, hiti í framsætum, stillanleg fjöðrun (PASM), Bi-Xenon ljós, 18" álfelgur, fullkomið hjómkerfi með 10 hátölurum, tvöföld sjálfvirk miðstöð með loftkælingu, rafdrifinn afturhleri, skriðstillir (Cruise Control) o.m.fl.

## Rafmagns Porsche!

Porsche hlaut nýlega titilinn besta bílamerkið (Corporate Brand) í Evrópu í flokki sportbílaframleiðenda. Til grundvallar valinu er sú staðreynd að Porsche er táknið fyrir hámarks akstursupplifun og notagildi sem og einstaka sporteiginleika. Hins vegar er lítið til alls þess frumkvöðlastarfs sem Porsche á að baki, til dæmis við þróun á Plug-In E-Hybrid vélum. Nú, þegar sumir bílaframleiðendur eru að kynna sínar lausnir í fyrsta skipti, kemur Porsche með kynslóð númer tvö af rafmagns Cayenne; sportjeppa sem getur gengið eingöngu fyrir rafmagn, eingöngu fyrir bensíni eða virkjað báða aflagjafana jöfnum höndum. Honum er einfaldlega stungið í samband við heimilisrafmagn.

### Porsche Cayenne S E-Hybrid Verð: 12.990 þús. kr.\*

Verið velkomin í reynsluakstur.

Porsche Cayenne S E-Hybrid  
416 hestöfl | 590Nm tog  
Hröðun 5.9 sek. 0-100 km/klst.



PORSCHE

**Bílabúð  
Benna**  
Sérfræðingar í bílum

Porsche á Íslandi • Bílabúð Benna  
Vagnhöfða 23 | 110 Reykjavík | S: 590 2000  
porsche@porsche.is | www.benni.is

Opnunartími  
Virka daga frá 9:00 til 18:00  
Laugardaga frá 12:00 til 16:00